

Yfirlitsskýrsla
sendiráðs Íslands
í Brussel



Janúar til júní 2006

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	4
YFIRLIT	4
STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLI ESB.....	5
STÆKKUN ESB.....	5
ÞJÓNUSTUTILSKIPUNIN.....	6
EES SAMNINGURINN.....	6
UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁL.....	7
A. Hernaðarleg verkefni	8
B. Borgaraleg verkefni.....	8
STÆKKUN EES OG ÞRÓUNARSJÓÐUR EFTA	11
ÞRÓUNARSJÓÐUR EFTA	11
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL	12
SCHENGENSAMNINGURINN OG TENGD MÁL.....	12
1. Almenn.....	12
2. Schengen úttekt	12
4. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar.....	14
EES-SAMNINGURINN.....	16
1. Frjáls för launafólks.....	16
2. Persónuvernd.....	16
ANNAÐ.....	16
FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL.....	17
FÉLAGSMÁL.....	17
Ný áætlun á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála	17
Ár jafnra tækifæra 2007.....	17
Félagsleg þjónusta í almannabágu.....	18
JAFNRÉTTISMÁL.....	18
Ný jafnréttistilskipun ESB.....	18
Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins.....	18
Vegvísir í jafnréttismálum.....	19
Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum.....	19
VINNUMÁL.....	19
Árið í ár er tileinkað frjálsri för launþega	19
Leiðbeinandi reglur um útsenda starfsmenn.....	20
Grænbók í undirbúningi um vinnulöggjöf.....	20
HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR.....	21
HEILBRIGÐISMÁL.....	21
Heilbrigðisáætlun ESB.....	21
Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu.....	21
Tillaga að þjónustutilskipun ESB.....	22
Sameiginleg viðmið um heilbrigðisþjónstu.....	22
LYFJAMÁL.....	23
Ný lyfjalöggjöf.....	23
Tilskipun um vefi og frumur.....	23
Skýrsla um framkvæmd blóðtilskipunar.....	23
Samstaða um reglur varðandi lyf ætluð börnum.....	23
Nýr samráðsvettvangur – Pharmaceutical forum.....	24
ALMANNATRYGGINGAR.....	24
Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar.....	24
Rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja.....	24
FJÁRMÁL.....	25
HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR.....	25
1. Tilkynningar um vöruflutninga til og frá ESB, 24-tíma reglan.....	25
2. Alþjóðlegir reikningskilastaðlar og endurskoðunarstaðlar.....	26
3. Heildarlöggjöf um opinber innkaup.....	26
4. Reglur um starfstengdan lífeyri.....	27

Í FRAMHALDI AF DÓMSMÁLI HJÁ EFTA-DÓMSTÓLNUM	28
Flugvallaskattar	28
ANNAÐ	28
Fjarvirk gagnasamskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA)	28
LANDBÚNAÐARMÁL	29
HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR.....	29
<i>Tilskipanir um heilbrigði landbúnaðarafurða</i>	<i>29</i>
<i>Riðusjúkdómar – Transmissible Spongiform Encephalopathy – (TSE)</i>	<i>30</i>
<i>Nýjar heilbrigðisreglur koma til framkvæmda – Matvælaöryggisstofnunin.....</i>	<i>31</i>
<i>Tilsk. 1774/2002 um aukaafurðir búfjár.....</i>	<i>32</i>
<i>Heilbrigði dýra – ADNS</i>	<i>32</i>
FUGLAFLENSA (AVIAN FLU)	33
SJÚKDÓMASMIT FRÁ MATVÆLUM	33
TVÍHLIÐA SAMNINGUR UM LANDBÚNAÐARAFURIRÐ - ENDURSKOÐN	34
ÍÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTAMÁL	35
HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR.....	35
VERÐBRÉFAMARKAÐUR.....	35
<i>Verðbréfamarkaðstilskipun - MiFID.....</i>	<i>35</i>
<i>Reglur um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka</i>	<i>36</i>
NEYTENDAMÁL	36
<i>Reglur um óréttmæta viðskiptahætti</i>	<i>36</i>
<i>Samvinna stjórnvalda á sviði neytendamála.....</i>	<i>37</i>
GERÐIR SEM VÆNTANLEGA VERÐA TEKIN UPP Í EES SAMNINGINN Á NÆSTUNNI....	37
MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL	38
MENNTAMÁL.....	38
ÆSKULÝÐSMÁL.....	38
MENNING OG LISTIR.....	39
FJÖLMIÐLAR	39
MEDIA 2007 ÁÆTLUNIN	40
RANNSÓKNARSAMSTARF	40
LISSABONFERLIÐ.....	40
UNDIRBÚNINGUR 7. RAMMAÁÆTLUNARINNAR	40
SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL.....	43
Open Skies.....	43
Samningur um Samevrópskt flugsvæði	43
Sameiginlegt evrópskt loftrými – Single European Sky	44
Endurskoðun þriðja ríkis pakkans í flugi.....	44
Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum.....	44
Endurskoðun stefnu í siglingamálum (Maritime Policy)	45
Endurskoðun fjarskiptapakks	45
Endurskoðun samgöngustefnu Evrópusambandsins.....	46
Helstu áherslumál formennskuríkjanna 2006.....	46

INNGANGUR

Meginhlutverk sendiráðsins er að taka þátt í rekstri EES- og Schengen samninganna, rækja samskiptin við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess, gæta hagsmuna Íslands og reka erindi landsins á þessum vettvangi. Þetta verkefni spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórnsýslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það eru hin ýmsu fagráðuneyti á Íslandi með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB. Eftirfarandi skýrsla ber þessa einkenni.

Í þessum inngangi er gerð grein fyrir skipan skýrslunnar, mönnun sendiráðsins og helstu heimsóknnum. Þar á eftir er yfirlitskafla, þar sem dregið er á mál sem efst eru á baugi. Þar næst kemur kafla um Þróunarsjóð EFTA, svo kafla um utanríkis- og öryggismál, en síðan fylgja kaflar um einstök málefnasvið og er þá fylgt ráðuneytaskiptingu á Íslandi. Í þeim er gerð nánari grein fyrir því sem til umfjöllunar er innan sviða hinna ýmsu ráðuneyta. Nokkur mál falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og má þá eftir atvikum finna greinargerðir þar um á fleiri en einum stað. Þessir kaflar skýrslunnar eru teknir saman af fulltrúum viðkomandi ráðuneyta í sendiráðinu.

Á tímabilinu var tekið á móti ýmsum hópum gesta sem gjarnan koma úr ýmsum áttum svo sem úr skólum og á vegum félagasamtaka. Er þetta orðinn reglulegur liður í starfsemi sendiráðsins. Af heimsóknnum er helst að nefna heimsókn nema frá Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Þá tók sendiherra á móti íslenskum þingmönnum EFTA-þingmannanefndarinnar.

Breytingar urðu á starfslíði fastanefndarinnar á samgöngusviði er Jakob Falur Garðarsson hvarf til annarra starfa í byrjun apríl mánaðar. Í stað hans kom Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu til starfa til Brussels í júní. Jafnframt tók Ive Leonidas við starfi ritara í barnsburðarleyfi Karenar Goaverts.

YFIRLIT

Fyrri hluta ársins 2006 sat Austurríki í stól formennsku ESB og verður ekki annað sagt en formennska þeirra hafi gengið snurðulaust fyrir sig. Má e.t.v. segja að ekkert eitt tiltekið mál standi upp úr sem árangur formennskutíðarinnar nema ef vera skyldi pólitískt samkomulag sem náðist um þjónustutilskipunina svo sem vikið er að í skýrslunni.

Að öðru leyti má nefna neðangreind atriði sem borið hafa hátt fyrri hluta ársins og settu mark sitt á austurrísku formennskuna.

STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLI ESB

Í síðustu skýrslu var vakin athygli á að um nokkurt skeið hefur verið undirliggjandi ólga innan ESB vegna örlaga stjórnarskrársáttmálans. Hefur verið tekist nokkuð á um hvert skyldi halda í þeim efnum. Austurríska formennskan leiddi á fyrri hluta ársins umræðuna og lagði fram á fundi leiðtoga ESB í júní tillögur sem ætlað er að móta hana næstu mánuði undir formennsku Finna og síðar Þjóðverja á fyrri hluta næsta árs. Á tímabilinu hafa aðildarríkin ásamt formennsku ESB og framkvæmdastjórninni skipulagt ýmsa fundi og ráðstefnur í því skyni að leitast við að styrkja ímynd ESB í augum íbúa þess. Það er talin ein af forsendum þess að unnt verði að þróa frekar sáttmála ESB í því skyni að ná fram nauðsynlegum breytingum á uppbyggingu þess vegna fjölgunar aðildarríkja. Á sama tíma hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur er stefna að því að styrkja upplýsingamiðlun með það að markmiði að auka trúverðugleika ESB í huga almennings (kjósenda). Varðandi framhaldið er reiknað með að Þjóðverjar muni í sinni formenskutíð leitast við að koma umræðunni enn frekar af stað milli þjóðarleiðtoga í því skyni að marka leið fram á við. Hendur þeirra munu hins vegar án efa verða að einhverju leyti bundnar af kosningaskjálfta í Frakklandi og fleiri ríkjum. Almennt er talið að ná þurfi samkomulagi um framgang í síðasta lagi á árinu 2008.

STÆKKUN ESB

Í síðustu yfirlitsskýrslu var sagt frá því að stefnt er að því að aðildarsamningar Búlgaríu og Rúmeníu komi til framkvæmda í byrjun árs 2007 en gert er ráð fyrir því að gildistöku megi fresta til byrjunar árs 2008. Búist hafði verið við ákvörðun af eða á, á fyrri hluta ársins en kosið var að fresta slíku til hausts en þá mun framkvæmdastjórnin birta mat sitt á hvernig nauðsynlegum úrbótum á tilteknum sviðum hefur undið fram. Almennt er þó reiknað með að ákvörðun um byrjun árs 2007 muni standa, en óvissa ríkir enn um hvort Búlgaríu og Rúmenía þurfi e.t.v. fyrsta kastið að setta sig við að aðildarríki ESB beiti öryggisráðstöfunum gegn þeim á afmörkuðum sviðum innri markaðarins eða á sviði dóms- og innanríkismála, en heimild til slíks er að finna í aðildarsamningum ríkjanna.

Of langt mál er að rekja áratugalangan aðdraganda að þeim stað í viðræðum við ESB sem Tyrkland er nú komið á í viðleitni sinni að fá aðild að ESB.

Eitt af skilyrðum ESB fyrir því að hefja viðræður við Tyrki um aðild að ESB var að Tyrkir myndu staðfesta útvíkkun á tollabandalagi ESB og Tyrklands til allra 10 nýju aðildarríkja ESB, þ.m.t. Kýpur. Á þetta féllust Tyrkir og hófust aðildarviðræður nýverið. Hins vegar hefur ekkert borið á efndum þessa og er málið þessa stundina fast í tyrkneska þinginu. Meðan á þessu stendur er enn í gildi tyrkneskt bann við flutningum í lofti og á sjó milli gríska hluta Kýpur og Tyrklands sem er í andstöðu við samninginn um tollabandalagið. Er nú ljóst að verulegrar óþreyju gætir innan ESB og stutt í að Tyrkir muni verða látnir finna fyrir þessari afstöðu sinni. Olli Rehn, framkvæmdastjóri stækkunarmála hefur nýverið talað skýrt um að þetta sé óásættanlegt og muni hafa afleiðingar ef ekki verði bætt úr af hálfu Tyrkja.

Þannig er, að rammi viðræðna um aðild Tyrkja að ESB er með nokkrum öðrum hætti en verið hefur við fyrri stækkunarviðræður. Skipulagið er sem fyrr þannig að viðræðum er skipt í 35 efniskafla sem teknir eru fyrir á grundvelli sérstaks umboðs aðildarríkjanna fyrir hvern og einn. Það sem er nýtt, er að upphaf viðræðna um hvern kafla þarfnast einróma samþykkis allra aðildarríkjanna ESB og hið sama gildir um lok þeirra. Þetta þýðir einfaldlega að ef kaflarnir eru 35 þá eru 70 tækifæri til að beita neitunarvaldi. Er talið að miðað við núverandi aðstæður styttest mjög í að Kýpur muni spyrna við og setja frekari viðræðum stólinn fyrir dyrnar. Virðist sem framkvæmdastjórn ESB sé mjög sama sinnis enda ekki hægt að horfa framhjá broti Tyrkja gegn Kýpur. Á sama tíma er sterk viðleitni af hálfu Bandaríkjanna að leysa málið þar sem m.a. er leitast við að opna á sama tíma fyrir viðskipti frá ESB inn til tyrkneska hluta Kýpur sem er ekki viðurkennt sem sjálfstætt ríki nema af hálfu Tyrkja.

Utanríkismálanefnd Evrópuþingsins hefur samþykkt drög að skýrslu sem styður aðild Tyrklands að ESB en gagnrýnir mjög hvernig Tyrkir halda á málum að því er varðar aðlögun að reglum ESB á ýmsum sviðum. Gagnrýnir hún þá sérstaklega fyrir að hafa ekki uppfyllt skyldur sínar innan tollabandalagsins.

Virðist nokkuð ljóst að aðildarviðræður við Tyrki muni verða einhverjar þær erfiðustu sem ESB hefur átt í vegna stöðu Tyrklands og afstöðu einstakra aðildarríkjanna til þeirra. Ekki síst mun verða erfitt að koma í veg fyrir að tækifæri til neitunarvalds verði ekki notuð óspart.

ÞJÓNUSTUTILSKIPUNIN

Áður hefur verið fjallað ítarlega um þessa tilskipun í yfirlitsskýrslum sendiráðsins. Eins og fram hefur komið var tillagan um hana mjög umdeild. Í formennsku Austurríkismanna á fyrri hluta ársins var öturlega unnið að því að finna málamiðlanir og náðist að lokum samstaða sem byggir á málamiðlunum innan Evrópuþingsins. Felast þær í því að færri þjónustusvið falla undir hana en miðað var við í upphafi, auk þess sem gert er ráð fyrir að þjónustuveitandi þurfi að uppfylla skilyrði og reglur sem gilda í því ríki sem þjónusta er veitt. Gert er ráð fyrir að tillagan verði samþykkt undir lok ársins í þessu formi.

EES SAMNINGURINN

Tuttugasti og fimmti fundur EES ráðsins var haldinn 12. júní í Luxemborg. Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri, sat fundinn af hálfu Íslands. Undir liðnum pólitísk samráð var m.a. fjallað um málefni Balkanskaga, Miðausturlanda og Darfur. Að því búnu hófst hinn eiginlegi EES ráðsfundur þar sem fjallað var um framkvæmd EES samningsins og voru aðilar sammála um að rekstur hans gengi vel.

Á tímabilinu janúar til júní tók Sameiginlega EES-nefndin 73 ákvarðanir og felldu 160 gerðir inn í EES samninginn. Að venju var mikill meirihluti þessara ákvarðana tæknilegar breytingar á reglum á sviði matvælamála.

Af vettvangi EES bar að öðru leyti hæst á tímabilinu áframhaldandi skoðun á þátttöku Íslands í Matvælastofnun Evrópu sem leitt hefur til gagngerrar endurskoðunar á tengslum

Íslands við reglur ESB á sviði dýraheilbrigðis, en samningaviðræður um þetta standa enn yfir við ESB.

Að lokum er rétt að nefna að þegar nýtt fjárhagstímabil ESB frá 2007 til 2013 gengur í gildi verður nauðsynlegt að endurnýja ýmsar áætlanir sem ESB stendur fyrir. Ísland tekur þátt í mörgum þeirra á grunni EES samningsins og hefur verið fylgst grannt með framgangi þessa innan ESB. Gert er ráð fyrir að nauðsynlegar ákvarðanir verði teknar í sameiginlegu EES nefndinni um eða upp úr áramótum þannig að Ísland haldi áfram þátttöku í þessum áætlunum. Um mikla hagsmuni er að ræða einkum og sér í lagi vegna samstarfstækifæra á sviði rannsókna- og þróunar.

UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁL

Hlutverk ESB á sviði friðargæslu, eða hættuástandsstjórnun eins og það heitir innan ESB, hefur farið verulega vaxandi undanfarin ár. Þessi þróun er í samræmi við þau markmið sem aðildarríki sambandsins hafa sett sér um að efla og styrkja ásýnd ESB á alþjóðavettvangi. Einn þáttur þessa er sívaxandi hlutverk ESB í friðargæsluverkefnum vítt og breytt um heiminn, oft fyrir tilstuðlan eða í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar eða eftir atvikum NATO. Ísland hefur tekið þátt í þremur verkefnum ESB á Balkanskaga.

Grunnur fyrir þátttöku ESB í verkefnum sem hér um ræðir byggðist í upphafi á breytingum á sáttmálum ESB í þá átt að efla ESB á sviði öryggis- og varnarmála. Hefur ESB skilgreint það sem eina stoð í utanríkis- og öryggismálastefnu sinni að byggja markvisst upp og samræma hernaðarlega, diplómátíska og pólitíska getu til að bregðast við og koma í veg fyrir alþjóðlegt hættuástand. Hefur þetta leitt til nánara samstarfs aðildarríkjanna undir merkjum ESB á sviði öryggis- og varnarmála, þ.m.t. með aukinni þátttöku aðildarríkjanna í friðargæsluverkefnum. Verkefni þau sem ESB tekur að sér á grunni sáttmála þess eru bæði borgaraleg og hernaðarleg hættuástandsverkefni.

Í því skyni að sinna verkefnum á sviði hernaðarlegrar hættuástandsstjórnunar hefur ESB sett saman 60 þúsund manna herlið sem hægt er að kalla út með 50 til 60 daga fyrirvara.

Á sama tíma hefur verið komið á fót sambærilegum borgaralegum liðsafla sem kalla má til með skömmum fyrirvara í því skyni að sinna borgaralegri hættuástandsstjórnun.

ESB hefur í framkvæmd einkum lagt áherslu á borgaraleg verkefni og mikill meirihluti verkefna ESB er í þeim flokki.

ESB hefur stundum boðið ríkjum utan sambandsins að taka þátt í verkefnum sem sambandið hefur tekið að sér, einkum og sér í lagi stærri verkefnum sem krefjast verulegs mannafla og búnaðar. Er um að ræða þau ríki sem hafa verið aukaaðilar að Vesturevrópusambandinu (VES), Noregur, Ísland og Tyrkland. Einnig hefur Sviss leikið stórt hlutverk í ýmsum verkefnum ESB. Að sama skapi taka þau ríki sem sótt hafa um aðild að ESB þátt í verkefnum sambandsins auk Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands o.fl.

Ísland hefur á þessum grunni tekið þátt í tveimur verkefnum ESB: lögregluaðgerðum í Bosnía-Hersegóvínu og friðargæsluverkefni í Makedóníu.

Þau verkefni sem ESB hefur skipulagt eru eftirfarandi.

A. Hernaðarleg verkefni

1. EUFOR-ALTHEA-Bosnía Hersegóvína

Verkefnið hófst árið 2004 þegar ákveðið var að ESB tæki við friðargæsluhlutverki sem NATO hafði gegnt undir nafninu SFOR. Í upphafi var um að ræða 7.000 manna lið sem falið var að framfylgja svokölluðu Dayton samkomulagi um frið á svæðinu. Í lok árs 2005 voru alls 6.200 í liðinu. Verkefnið er rekið á grunni “Berlín plús” og reiðir sig því á styrk og búnað NATO. Auk 22 aðildarríkja ESB taka 11 ríki utan ESB þátt í verkefninu. Það er rekið í nánú samstarfi við EUPM (sjá að neðan). Íslandi var boðin þátttaka en hefur ekki nýtt sér boðið.

2. EUFOR RD Kongó

Um er að ræða hernaðarverkefni sem ESB tók að sér til að styðja við verkefni Sameinuðu þjóðanna (SÞ) í tengslum við kosningar í Kongó, að ósk SÞ. Markmið þess er að tryggja öryggi á svæðinu meðan kosningar standa yfir. Um er að ræða sjálfstætt verkefni ESB þar sem ekki er leitað eftir stuðningi NATO, en heimilt er að bjóða ríkjum utan ESB til samstarfs. Umboð hersveitanna er bundið við kosningarnar.

B. Borgaraleg verkefni

1. EUPM Bosnía Hersegóvína

Um er að ræða lögregluaðgerð á vegum ESB í Bosnía-Hersegóvínu sem hófst í ársbyrjun 2003 og tók við af lögregluliði sem starfaði undir merkjum SÞ. Um var að ræða fyrsta verkefnið sem ESB tókst á hendur undir merkjum öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Ísland tók þátt frá upphafi og þar til s.l. vor þegar síðasti íslenski lögreglumaðurinn lét af störfum. Um 500 lögreglumenn frá 30 ríkjum tók þátt í verkefninu sem felst í því að aðstoða við uppbyggingu á löggæslu í Bosnía auk þess að gæta tiltekins eftirlitshlutverks. Upphaflegt umboð rann út í byrjun árs 2006 og var þá endurskilgreint og framlengt til loka árs 2007. Nú taka um 400 manns þátt í verkefninu (170 lögreglumenn og 28 borgaralegir starfsmenn auk 200 Bosniumanna).

2. EUPAT Makedónía

Hér er um að ræða ráðgjafarhóp (eða ráðgjafarhóp) á sviði lögreglumála en ekki eiginlega löggæslu líkt og í Bosnía Hersegóvínu. Með verkefninu er fylgt eftir fyrra verkefni ESB í Makedóníu, lögregluverkefninu PROXIMA. Verkefnið hófst í desember 2005 og lauk í júní s.l. Það fólst í ráðgjöf við uppbyggingu og stýringu lögreglu í Makedóníu.

3. EUPOL COPPS sjálfstjórnarsvæði Palestínu

Um er að ræða lögregluverkefni í Palestínu. Það hófst í janúar 2006 og er ætlað að standa í þrjú ár. Markmiðið er að styðja við endurskipulagningu og uppbyggingu lögreglun innan Palestínu. Við það starfa 33 einstaklingar sem koma frá aðildarríkjum ESB.

4. EU BAM RAFAH Landamæri Palestínu og Egyptalands

Verkefnið snýst um framkvæmd landamæraeftirlits á landamærastöð í Rafah, milli Palestínu og Egyptalands og byggist á samningi Ísraels og Palestínumanna um opnun stöðvarinnar. Verkefnið hófst í lok nóvember 2005 og er áætlað að það standi yfir í eitt ár. Það felst í því að vera til staðar sem þriðji aðili á landamærastöðinni með það að markmiði að byggja upp traust á milli Palestínumanna og Ísraels á þessu sviði. Í upphafi tóku 55 lögreglumenn þátt í verkefninu frá 15 aðildarríkjum ESB en gert er ráð fyrir að þeim verði fjölgað í allt að 75 menn.

5. EU JUST LEX Írak

Um er að ræða verkefni sem ESB hefur sett upp til að þjálfa lögreglumenn, dómara og tengda aðila úr réttarkerfi Íraks. Gert var ráð fyrir eins árs verkefni en ákveðið hefur verið að framlengja það út árið 2007. Verkefnið hefur farið fram með þeim hætti að írösk yfirvöld senda hóp manna til Brussel og til níu annarra aðildarríkja ESB til þjálfunar.

6. EU POL KINSASHA Kongó

Í apríl 2005, eftir náið samstarf við SP, hóf ESB lögregluverkefni í Kongó. Hlutverk lögreglusveita ESB er að vera til ráðgjafar við uppbyggingu nýrra lögreglusveita í Kongó. Í verkefninu taka þátt 30 einstaklingar og mun enn unnið að því samhliða öðrum verkefnum ESB í Kongó.

7. EUSEC-Kongó

Verkefnið snýr að aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu á innra öryggiskerfi í Kongó. Það hófst í júní 2005 og var gert ráð fyrir því að það stæði yfir í eitt ár en það mun hins vegar enn standa yfir samhliða öðrum verkefnum ESB í landinu. Verkefnishópurinn samanstendur af átta sérfræðingum frá aðildarríkjum ESB og stofnunum ESB.

8. Stuðningur ESB við AMIS II-Darfur

Um er að ræða verkefni í Darfurhéraði í Súdan til að styðja við friðargæsluverkefni Afríkusambandsins í héraðinu, AMIS II. Verkefnið er bæði hernaðarlegt og borgaralegt. Það hefur staðið frá í júlí 2005 og er framhald af ýmiskonar stuðningi sem ESB hafði veitt á svæðinu vegna átaka sem hafa geisad þar frá árinu 2003. Unnið er í nánú samráði við aðra aðila og m.a. hefur NATO tekið að sér loftflutninga friðargæsluliða og að takmörkuðu leiti þjálfun liðsforingja. Allt að 100 manns mynda hernaðarþátt hernaðarhóp verkefnisins en 50 einstaklingar styðja við löggæsluhluta þess. Verkefnið er ótímabundið.

10. Eftirlitsverkefni í Ache-Indónesíu

Um er að ræða verkefni ESB ásamt fimm ríkjum ASEAN sambandsins, Noregi og Sviss sem snýst um að hafa eftirlit með innleiðingu og framkvæmd friðarsamnings stjórnvalda í Indónesíu og uppreisnarmanna í Ache héraðinu. Verkefninu var hrundið af stað í september 2005 og var nýlega framlengt til september 2006 þegar kosningar hafa farið fram á svæðinu. Á undirbúningsstigi komu 80 einstaklingar að því, frá ESB og ASEAN

og síðan komu Noregur og Sviss inn í verkefnið þegar það hófst formlega í september 2005 en fjöldi þátttakanda hélst sá sami og komu 2/3 þeirra frá aðildarríkjum ESB.

11. Landamæraverkefni í Moldavíu/Úkraínu

Að beiðni yfirvalda í Moldavíu og Úkraínu hefur ESB tekið að sér að styðja við bakið á uppbyggingu landamæraeftirlits á milli ríkjanna, þ.m.t. tolleftirliti. Hófst verkefnið formlega í byrjun desember 2005. Með því er ætlunin að fyrirbyggja smygl, ólöglega umferð fólks og tollsvik með ráðgjöf og þjálfun sem eflir viðkomandi yfirvöld í ríkjunum tveimur. Verkefnið er til tveggja ára en unnt að framlengja því. Í verkefinu taka þátt 69 sérfræðingar frá aðildarríkjum ESB auk 50 manna frá ríkjunum tveimur.

12. CONCORDIA-Makedónía

Um var að ræða hernaðarlegt verkefni ESB í Makedóníu sem fylgdi í kjölfar samsvarandi verkefnis á vegum NATO. Það fór fram í tengslum við NATO samkvæmt “Berlín plús” samkomulaginu og var opið fyrir þátttöku þriðju ríkja. Ísland tók þátt í með einum starfsmanni sem vann á upplýsingaskrifstofu verkefnisins. Með því var ætlunin að bæta öryggi í landinu vegna óstöðugleika milli einstaka þjóðarbrota og að styðja við framkvæmd friðarsamkomulags milli viðkomandi fylkinga. Verkefnið hófst í mars 2003 og lauk í desember sama ár er við tók lögregluverkefnið Proxima.

13. PROXIMA-Makedónía

Eins og framan getur tók lögregluverkefnið PROXIMA við af hernaðarverkefni ESB í desember 2003. Ísland hafði tekið þátt í hernaðarverkefninu en ákveðið var að taka ekki þátt í lögregluverkefninu sem stóð til desember 2005. Markmiðið var að styðja áfram við framkvæmd friðarsamkomulags þjóðarbrota í landinu og veita ráðgjöf til lögreglu yfirvalda auk þess að aðstoða við baráttu gegn skipulagðri afbrotastarfsemi.

14. ARTEMIS-Kongó

Frá júní til september 2003 rak ESB hernaðarverkefni í Kongó sem ætlað var að fylgja eftir ályktun Öryggisráðs SP og var markmiðið að stuðla að stöðugleika í öryggismálum og bæta ástand mannúðarmála í héraðinu Bunia í Kongó.

15. EU JUST THEMIS-Georgía

Um var að ræða verkefni ESB sem beindist að því að styrkja réttarfarskerfið í Georgíu og fólst í því að sérfræðingar frá aðildarríkjum ESB veittu ráðgjöf til ráðherra, háttsettra embættismanna og stofnana innan stjórnkerfis Georgíu. Verkefnið hófst um mitt ár 2004 og því lauk ári síðar.

16. KOSOVO-framtíðarverkefni

ESB undirbýr nú að taka að sér aukið hlutverk í Kosovo og hefur í því skyni þegar sett á fót undirbúningshóp til að skoða framtíðarhlutverk ESB á svæðinu á sviði hættuástandsstjórnunar sem einkum er talið muni beinast að löggæslu- og réttarfarsþáttum. Þessa stundina beinist vinna hópsins að undibúningi á flutningi afmarkaðra verkefna frá bráðabirgðstjórninni í Kosovo sem mynduð er af Sameinuðu Þjóðunum. Endanleg niðurstaða þessa er háð niðurstöðum í viðræðum um framtíðarstöðu Kosovo. Þátttaka er nú um stundir bundin við aðildarríki ESB og verðandi aðildarríki en

gera má ráð fyrir að aðgerðin sjálf, komi til hennar, verði opin fyrir þriðju ríkjum þar sem fyrirfram virðist ljóst að hún verður mjög umfangsmikil.

STÆKKUN EES OG ÞRÓUNARSJÓÐUR EFTA

ÞRÓUNARSJÓÐUR EFTA

Þróunarsjóður EFTA, sem stofnaður var í tengslum við síðasta stækkunarsamning EES, hefur nú verið starfræktur frá 1. maí 2004. Hann hefur til ráðstöfunar tæpa 53 milljarða íslenskra króna (miðað við að evran kosti 88 krónur) yfir 5 ára tímabil. Þar af verður framlag Íslands rétt rúmar 2.300 m.kr. Sjóðnum er ætlað að styrkja verkefni í nýju aðildarríkjunum sem miða að því að efla efnahagslega og félagslega aðlögun þessara ríkja að innri markaðnum.

Forgangsverkefni sem sjóðurinn styrkir eru valin með hliðsjón af bókun 38a við EES-samninginn. Um er að ræða verkefni á sviði umhverfisverndar, sjálfbærrar þróunar, evrópskrar menningararfleifðar, mannauðs- og þekkingarstjórnunar og heilbrigðisþjónustu. Undir þetta geta fallið verkefni á sviði fiskvinnslu, jarðhitanotkunar, starfsmenntunar, upplýsingatækni o.fl., þar sem þekking og reynsla íslenskra aðila gæti nýst vel. Auk hinna nýju aðildarríkja hljóta Grikkland, Spánn og Portúgal styrki úr sjóðnum. Stærstu fjárhæðirnar renna til Póllands, eða um 47% af heildarframlagi til sjóðsins. Ungverjaland fær rúm 10%, Tékkland rúm 8%, Spánn tæp 8% og önnur ríki minna.

Stjórn sjóðsins er skipuð fulltrúum Íslands, Liechtenstein og Noregs. Skrifstofa sjóðsins (*Financial Mechanism Office, FMO*) annast stjórnun, ráðgjöf og daglegan rekstur sjóðsins. Framkvæmdastjóri er Stine Lundin Andresen og með henni starfa um 20 manns.

Öll aðildaríki Evrópska efnahagssvæðisins hafa undirritað yfirlýsingar um sameiginlegan skilning á markmiðum og starfsreglum sjóðsins. Með undirritun þeirra hófst formlegt samstarf ríkjanna á þessu sviði. Jafnframt hefur verið unnið að frágangi á viðauka við starfsreglur sjóðsins, s.s. leiðbeiningum, formum umsókna og stöðluðum samningi um styrki úr sjóðnum. Þetta er gert svo unnt sé að starfrækja sjóðinn með faglegum og formföstum hætti en á það er lögð mikil áhersla enda fær hann verulegt fjármagn sem mikilvægt er að ráðstafa á ábyrgan og gagnsæjan hátt.

Styrkþegaríkin hafa flest lokið undirbúningi og hafið innleiðingu. Þannig hafa flest gert formlegar áætlunir um innleiðingu og uppbyggingu styrkjakerfisins. Að auki eru ríkin að koma á fót sérstökum sjóðum sem starfa innan ramma Þróunarsjóðs EFTA. Um er að ræða sjóði sem m.a. er ætlað að styrkja kostnaðarsaman undirbúning umsókna um stór verkefni, sjóði til að styrkja hagsmuna- og félagasamtök og sjóði til að styrkja stjórnvöld við að byggja upp kerfi sem meðhöndla styrkumsóknir.

Flest styrkþegaríkin hafa auglýst eftir umsóknum um verkefni skv. aðferðarfræði fyrir opin útboð. Skrifstofa Þróunarssjóðs EFTA og óháður ráðgjafi meta umsóknirnar með hliðsjón af starfsreglum sjóðsins og gæðum verkefna áður en stjórn sjóðsins fjalla um

þær. Stjórn Próunarsjóðs EFTA hefur samþykkt nokkrar umsóknir með gerð samnings milli Íslands, Liechtenstein og Noregs annars vegar og hlutaðeigandi styrkþegaríkis hins vegar.

DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL

SCHENGENSAMNINGURINN OG TENGD MÁL

1. Almenn

Samsetta nefndin í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen regluverksins, er nú óaðskiljanlegur þáttur af starfi Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála. Sem kunnugt er hefur vaxandi athygli beinst að sviðinu á undanförunum misserum og hefur deild framkvæmdastjórnarinnar, sem nú ber nafnið réttlæti, frelsi og öryggi í stað dóms- og innanríkismál, vaxið að sama skapi. Fimm ára stefnumörkun á þessu sviði, Haag áætlunin, var samþykkt á leiðtogafundi ESB í árslok 2004, en áætluninni er einmitt ætlað að styrkja frelsi, öryggi og réttlæti innan ESB. Haag áætlunin afmarkar áhersluatriði Evrópusambandsins á sviðinu en formennskuríkið forgangsraðar að nokkru marki. Á sameiginlegri dagskrá Austurríkis og Finnlands fyrir árið 2006 er lögð áhersla á eftirfylgni Haag áætlunarinnar, undirbúningi mats á miðju fimm ára tímabilinu undir formennsku Finna og mati á innleiðingu sameiginlegra ESB aðgerða í ríkjunum sem ætlað er að hrinda markmiðum áætlunarinnar um frelsi, öryggi og réttlæti í framkvæmd. Tillögur að gerðum í þessu skyni eru að miklu leyti þróun á Schengen gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur og Sviss. Fundir ráðherra dóms- og innanríkismála í samsettu nefndinni voru þrjú á tímabilinu, í febrúar, apríl og júní.

2. Schengen úttekt

Eftirlit með framkvæmd Schengen samningsins í aðildarríkjunum er, sem kunnugt er, hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi Schengen úttektarnefndarinnar. Nefndin gerði á síðari hluta ársins 2005 úttekt á Norðurlöndunum og í ársbyrjun lágu fyrir drög að ráðsniðurstöðum fyrir hvert ríki fyrir sig. Almenn má segja að úttektin hafi gengið mjög vel og þykja ríkin fimm öll framfylgja Schengen reglunum með viðunandi hætti og í fjölda tilvika þykir ástandið til fyrirmyndar. Ráðsniðurstöðurnar voru samþykktar í samsettu nefndinni á tímabilinu, en ríkin fá síðan sex mánaða frest til að gera grein fyrir úrbótum sem gerðar verða í tilefni af þeim athugasemdum sem úttektarmenn hafa gert. Það verður því á síðari hluta ársins sem íslensk yfirvöld þurfa að gefa skýrslu um þetta.

3. Samsetta nefndin

1. Eftirgreind mál eru meðal þeirra mála sem afgreidd voru í samsettu nefndinni á tímabilinu:

Landamærareglugerðin var formlega samþykkt og tekur gildi 1. október 2006. Þá voru samþykktar tvær gerðir sem ætlað er að gilda tímabundið, eða þar til nýju 10 ESB-ríkin og Sviss og Liechtenstein verða fullir aðilar að Schengen svæðinu. Fjallar önnur þeirra um viðurkenningu á dvalarleyfisskírteinum sem Sviss og Liechtenstein gefa út fyrir

þriðju ríkja borgara, eins og þau væru gefin út af Schengen ríkjum. Hin gerðin heimilar nýju ESB ríkjunum að viðurkenna Schengen áritanir fyrir gegnumferð um nýju ríkin, þannig að ekki þurfi að sækja sérstaklega um landsvisa ef menn eiga leið gegnum ríkin á leið til Schengen svæðisins.

Á sviði áritana var einnig samþykkt gerð sem hefur í för með sér hækkun á gjaldi fyrir vegabréfsáritanir úr 35 evrum í 60 evrur. Var þessi tillaga afar umdeild og var hún tekin til umræðu á ráðherrafundum í febrúar og apríl, en hún var einnig rædd á vettvangi utanríkisráðherra Evrópusambandsins. Af Íslands hálfu var óskað eftir því að ráðherrafundur utanríkisráðherranna yrði haldinn í samsettu nefndinni meðan þetta mál var til umfjöllunar þar, en af tæknilegum ástæðum sem varða tímafresti varð ráðherraráðið ekki við þeirri bön. Af þessu tilefni gafst þó tækifæri til að fá það staðfest að ráðherrafundir í samsettu nefndinni eru formlega ekki bundnir við vettvang ráðherra dóms- og innanríkismála.

2. Fjöldi mála á ýmsum stigum hefur verið til umræðu í því kerfi undirnefnda ráðsins sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar. Af óloknum málum hafa þessi borið hvað hæst.

SIS II – önnur kynslóð Schengen upplýsingakerfisins.

Þróun annarrar kynslóðar Schengen upplýsingakerfisins hefur verið á döfnni um hríð og hefur vinna við það haldið áfram á tímabilinu. Fjallað hefur verið um drög að tveimur reglugerðum og einni ráðsákvörðun í samsettu nefndinni og er pólitísk samstaða um texta gerðanna í auglýsni. Á hinn bóginn hefur komið bakslag í framgang tæknivinnunar við kerfið og fyrirsjáanlegt að gangsetning þess dregst, a.m.k. til ársloka 2007, en áætlunin gerði ráð fyrir mars 2007. Ákveðið hefur verið að tengja fulla þátttöku nýju Schengen ríkjanna, 10 ESB ríkjanna auk Sviss, í Schengen samstarfinu við gangsetningu þessa nýja kerfis, og því er mikill pólitískur þrýstingur tengdur þessari vinnu. Til marks um það er að leiðtogar Evrópusambandsríkjanna lýstu því yfir á fundi sínum í Brussel 15.– 16. júní s.l. að staðið yrði við þá fyrirætlan að opna landamæri milli nýju og eldri ESB- ríkjanna sem allra fyrst.

VIS – Upplýsingakerfi um vegabréfaáritanir

Á tímabilinu hefur verið fram haldið vinnu við reglugerð um upplýsingakerfi um vegabréfaáritanir (VIS). Reglugerðin er ákvarðanatökufæri með Evrópuþinginu (co-decision) og standa samningaviðræður nú yfir við þingið um lokagerð texta. Hafa tillögurnar tekið miklum breytingum frá því þær voru fyrst lagðar fram. Þau atriði sem hvað mestur ágreiningur hefur staðið um lúta að vernd persónuupplýsinga svo sem um aðgang lögreglu og fleiri yfirvalda að kerfinu og töku og vörslu lífkenna umsækjenda í kerfinu. Vegna tengsla sérstakrar gerðar um aðgangs lögreglu að VIS, gerðar um persónuvernd í þriðju stoð og VIS reglugerðarinnar eru þó taldar líkur til að þingið ljúki ekki afgreiðslu VIS reglugerðinnar þar til efni hinna tveggja skýrist, en um þær er fjallað á lögregluvæng Schengen samstarfsins. Samhliða umfjöllun um lagagrundvöll VIS er unnið að hönnun og tæknilegri útfærslu kerfisins á vegum framkvæmdastjórnarinnar.

Aðgangur lögreglu að VIS

Sem fyrr segir er til meðferðar í lögreglusamvinnunefndinni sérstök gerð um aðgang lögreglu að Visa Information System (VIS) og fylgist meðferð þess máls og VIS reglugerðarinnar að.

Vernd persónuupplýsinga í þriðju stoðinni

Fjallað hefur verið áfram um tillögu framkvæmdastjórnarinnar að rammaákvörðun um vernd persónuupplýsinga í þriðju stoðinni, þ.e. hjá lögreglu, saksóknara og dómstólum í opinberum málum. Fjallar tillagan um söfnun, meðferð og sendingu persónuupplýsinga og er hún að nokkru sniðin eftir tilskipun um Persónuvernd sem gildir í fyrstu stoðinni (tilskipun 95/46EB, sbr. lög nr. 77/2000). Tillagan er til meðferðar í samsettu nefndinni, í vinnuhópi um skipulagða glæpastarfsemi, en gert er ráð fyrir að reglurnar sem þar eru settar gildi m.a. um meðferð upplýsinga í Schengen upplýsingakerfinu.

Lögreglusamvinna 40 og 41. gr. Schengen samningsins

Ákveðið var á fundi ráðherranna 27. apríl 2006 að leggja til hliðar vinnu að breytingum á 40. og 41. gr. Schengen samningsins, um lögreglusamvinnu, beina eftirför o.fl. Ágreiningur var um tiltekna þætti hennar, en eins og aðrar gerðir á sviði lögreglusamvinnu þarf einróma samþykki ríkjanna til að hún gæti tekið gildi. Þessi gerð varðar ekki Ísland vegna landfræðilegrar legu þess.

External Borders Fund

Á tímabilinu hefur áfram verið unnið í samsettu nefndinni að mótun gerðar um ytri-landamærasjóð “External Borders Fund” sem ætlað er að endurspegla sérstaklega samstöðu ESB ríkjanna og sanngjarna deilingu byrða í útlendingamálum á tímabilinu 2007-2013. Þessum sjóði er ætlað að styrkja samstöðu í stjórn ytri landamæra Schengen svæðisins og greiða þannig fyrir frjálsri för innan þess. Meiningin er að flytja fé frá þeim ríkjum sem í minnstum vandræðum eiga með umferð um ytri landamærin til þeirra ríkja sem eiga í mestum vandræðum með hana, en það eru jafnframt ríkin með lægstu þjóðartekjurnar.

Brottvísanir

Unnið er í samsettu nefndinni að nýrri gerð um brottvísanir útlendinga. Í tillögunni eru settar fram sameiginlegar reglur um málsmeðferð við ákvarðanir um brottvísun og mælt fyrir um gagnkvæma viðurkenningu og fullnustu slíkra ákvarðana.

4. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar

Þróun SIS II og VIS

Stærstu verkefni sem Ísland hefur tekið þátt í á tímabilinu undir hatti framkvæmdastjórnarinnar er vinna tæknimanna við áframhaldasandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen upplýsingakerfsins og VIS (áritana-upplýsingakerfið). Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins og TMD hefur tekið virkan þátt í þessari vinnu.

Handbók um landamærareglur byggð á “Schengen Border Code”

Ný reglugerð um Landamærareglur tekur gildi 1. október 2006. Þessi reglugerð leysir af hólmi Sameiginlegu handbókina (*Common Manual*) og hefur að geyma endurskoðaðar heildarreglur um för um landamæri. Lokið var á tímabilinu gerð handbókar fyrir landamæraverði sem byggir á reglugerðinni og þeim framkvæmdarreglum sem þykja til fyrirmyndar. Starfsmaður sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, tók virkan þátt í þeirri vinnu.

Þróun FADO kerfisins

Unnið hefur verið að stofnsetningu gagnagrunns sem hefur að geyma ófölsuð og fölsuð skjöl sem vonir eru bundnar við að verði til verulegs gagns fyrir landamæraverði á Schengen svæðinu. Af Íslands hálfu er nú unnið að uppsetningu og tengingu við kerfið, en forsenda þess var samningur um meðferð öryggisskjala sem undirritaður var á tímabilinu milli ESB og íslenskra stjórnvalda.

5. Samningar tengdir Schengen samstarfinu

Samningur um þátttöku Liechtenstein í Schengen samstarfinu.

Á tímabilinu fóru fram viðræður um aðild Liechtenstein að Schengen og Dublin samstarfinu, en gert er ráð fyrir aðildinni í samningum Sviss og Evrópusambandsins um slíka aðild. Samningurinn við Liechtenstein verður í formi viðauka við viðeigandi samninga Sviss.

Samningur Lögregluskóla ríkisins og evrópska lögregluskólann, CEPOL

Á tímabilinu var í Reykjavík undirritaður samstarfssamningur milli evrópska lögregluskólans, CEPOL, og Lögregluskóla ríkisins.

Samningur um framsal sakamanna

Á tímabilinu var fram haldið vinnu að samningsgerð milli ESB, Íslands og Noregs um framsal sakamanna, sem byggir á hinni evrópsku handtökuskipun sem nú gildir um framsal milli ríkja Evrópusambandsins. Af Íslands hálfu voru frá upphafi gerðir tilteknir fyrirvarar við fulla þátttöku í þeim reglum sem evrópska handtökuskipunin byggir á og hefur það m.a. valdið því að erfiðlega gekk að ljúka samningsgerðinni, sem tekið hefur nokkur misseri. Svo fór þó að lokum að samningurinn var undirritaður í Vín 28. júní 2006.

Samningur um meðferð trúnaðarskjala

Unnið var á tímabilinu, á vegum utanríkisráðuneytisins, að gerð samnings milli Íslands og ESB um meðferð trúnaðarskjala, en fjöldi slíkra skjala tengist Schengen samstarfinu. Samningurinn var undirritaður 12. júní 2006. Tilvist slíks samnings er jafnframt forsenda fyrir tengingu íslenskra yfirvalda við gagnagrunn um fölsuð og ófölsuð ferðaskilríki, sem landamærayfirvöld í Schengen ríkjunum nota við störf sín (FADO). Í tengslum við þessa samningsgerð var gerð úttekt á aðstæðum á Íslandi í nóvember 2005.

Samningar um endurviðtöku og vegabréfaáritanir

Unnið hefur verið á tímabilinu í samvinnu dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis að gerð samninga um endurviðtöku við Rúmeníu og Macao og er samningsgerð á lokastigi. Þá hefur verið fylgst grannt með samningi ESB við Rússland, sem gengið var frá í

nóvember 2005, um áritanamál og endurviðtöku. Vegna þátttöku í Schengen samstarfinu er nauðsynlegt að gera sambærilegan samning við Rússland af Íslands hálfu. Af sömu ástæðu er fylgst grannt með viðræðum ESB og Úkraínu um áritanamál og endurviðtöku, sem nú standa yfir.

Samningur um þátttöku í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen

Sem fyrr segir er þátttaka Íslands í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen “External Borders Fund”, sem fjallað er um í samsettu nefndinni, háð því að gerður verði sérstakur samningur við ESB um þátttökuna. Óformlegar viðræður eru hafnar en gert er ráð fyrir að formlegar samningaviðræður geti hafist um mitt ár 2006.

EES-SAMNINGURINN

Á vettvangi EES samningsins hafa þessi mál helst verið meðal verkefna fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á tímabilinu.

1. Frjáls för launafólks

Heildartilskipun ESB um frjálsa för, 2004/38/EC (*Directive on the right of citizens of the Union and their family members to move and reside freely within the territory of the Member States*), hefur verið áfram til umfjöllunar á vettvangi EFTA, en efni hennar fellur að miklu leyti undir EES samninginn. Tilskipunin hefur öðlast gildi innan ESB, en frestur aðildarríkjanna til að laga löggjöf að efni hennar rann út 30. apríl 2006. Mikilvægar breytingar felast í gerðinni og er tenging hugtaksins “Union Citizen” við réttinn til frjálsrar farar einna mikilvægust þeirra. Málið er til meðferðar á vettvangi undirnefndar III innan EFTA.

2. Persónuvernd

Sem kunnugt er leystist á árinu 2005 mál sem upp kom vegna kröfu bandarískra yfirvalda um upplýsingar um flugfarþega (PNR), með staðfestingu bandarískra stjórnvalda um að yfirlýsing til ESB ríkjanna um hvernig farið verði með þessar persónuupplýsingar tæki einnig til upplýsinga um flugfarþega sem sendar eru frá Íslandi. Staðfestingin var forsenda þess að unnt væri að innleiða ákvörðun ESB um hæfilega vernd persónuupplýsinga vegna sendinga PNR upplýsinga. Nú hefur Evrópudómstóllinn ógilt þetta samkomulag ESB og Bandaríkjanna á þeim grundvelli að sendingar á upplýsingum væru á forræði ríkjanna sjálfra. Verður því væntanlega næsta skref að taka til baka innleiðingu á tilheyrandi ákvörðun ESB. Í samvinnu við EFTA skrifstofuna hefur verið fylgst náið með skrefum ESB í málinu.

ANNAÐ

Á tímabilinu var fram haldið viðræðum um nýjan Lúganó samning, sem fjallar um gagnkvæma viðurkenningu dóma ofl. á sviði einkamálaréttar. Um hríð hafði verið unnið að endurnýjun samningstextans, en málið fór í biðstöðu meðan Evrópudómstóllinn

fjallaði um hvernig aðild ESB ríkjanna að slíkum samningi gæti orðið. Niðurstaðan varð sú að það er framkvæmdastjórnin sem fer með samningsumboð ESB ríkjanna, annarra en Danmerkur að þessu leyti. Samningaviðræður eru því hafnar aftur milli Íslands, Noregs, Sviss og framkvæmdastjórnarinnar en þeim er ólokið.

FÉLAGS-, ATVINNU- OG SVEITARSTJÓRNARMÁL

FÉLAGSMÁL

Ný áætlun á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála

Unnið hefur verið að því að sameina áætlanir Evrópusambandsins á sviði félags- og vinnumála í eina. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi hefur verið til umræðu í á annað ár og nú liggur fyrir samþykki allra stofnana ESB fyrir framkvæmd hennar. Hin nýja áætlun mun taka til árána 2007 til 2013 og er áætlað að 744 millj. evra verði ráðstafað í áætlunina á tímabilinu.

Áætlunin skiptist í fimm viðfangsefni:

- Vinnumál, en áherslan hér verður á verkefni sem styrkja atvinnumálastefnu ESB
- Stuðningur við verkefni sem stuðla að aukinni félagslegri velferð og aukinni þátttöku jaðarhópa í samfélagi
- Bætt vinnuvernd og aukin hollustu á vinnustöðum
- Aðgerðir gegn mismunun og leiðir til að auka fjölbreytni
- Að endingu er áhersla á stuðning við verkefni sem stuðla að jafnari stöðu kvenna og karla í samfélaginu.

Ísland er í gegnum EES samninginn þátttakandi í flestum þeim áætlunum sem hin nýja áætlun yfirtekur.

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=191546

Ár jafnra tækifæra 2007

Þá liggur fyrir samkomulag um framkvæmd Evrópuárs jafnra tækifæra 2007. Markmiðið ársins er að stuðla að umræðu um jafnréttismál í samfélaginu og efla baráttuna gegn félagslegri mismunun. Fjögur megin þema verða í deigluinu, þ.e. vitund almennings um rétt til jafnréttis og aðgengis, áhersla á mikilvægi þátttöku hópa sem standa höllum fæti í samfélagi í ákvarðanatöku, jákvæð umræða og viðurkenning á fjölbreytileika, og að endingu áhersla á virðingu og umburðarlyndi. Allt að 14 milljónir evra renna til verkefnisins og gefst EES/EFTA ríkjunum kostur á þátttöku.

Félagsleg þjónusta í almannabágu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sent frá sér orðsendingu þar sem reynt er að afmarka og skilgreina félagsþjónustu sem rekin er og veitt í almannabágu.

Markmiðið er að afmarka félagslega þjónustu frá annarri þjónustu, kalla eftir viðhorfum einstakra ríkja ESB til málsins og um leið skerpa á því hvernig löggjöf Evrópusambandsins á sviði samkeppnismála og innrimerkaðar varðar félagsþjónustu í almannabágu. Orðsendingin felur ekki í sér beinar aðgerðir af hálfu framkvæmdastjórnar, svo sem áform um lagasetningu, en framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að „*decide how to follow up this process and identify the best approach to take, including, giving consideration to the need and legal possibility for a legislative proposal*“.

Hér er um afar athyglisvert mál að ræða og sjálfsagt að fylgjast vel með allri umræðu sem að því snýr.

http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=153

JAFNRÉTTISMÁL

Ný jafnréttistilskipun ESB

Evrópusambandið hefur nú samþykkt tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. apríl 2004 um jafna stöðu og rétt kvenna og karla til vinnu og á vinnustöðum og vinnumarkaði. Tillagan hefur gengið undir heitinu „Recast“ sem skýrskotar til þess að verið er að sameina nokkrar tilskipanir í eina. Markmið tilskipunarinnar er að einfalda og endurnýja reglur ESB er tryggja jafnan rétt og stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og þar með fella gildandi tilskipanir Evrópusambandsins um þessi efni saman í eina.

Umræddar tilskipanir hafa allar verið teknar upp í EES samninginn, en þær eru: Tilskipun um launajafnrétti, nr. 75/117/EC; jafnréttistilskipun, nr. 76/207/EC (sem var breytt með tilskipun nr. 2002/73/ESB); tilskipun 86/378/EC um jafna stöðu hvað varðar lífeyrisréttindi (sem var breytt með tilskipun 96/97/ESB); og tilskipun nr. 97/80/ESB um sönnunarbyrði. Það kunna hins vegar að vera nýmæli í hinni nýju tilskipun sem skoða þarf sérstaklega áður en því er svarað hvort og hvernig hún varðar EES samninginn.

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins

Á síðasta fundi ráðherraráðs ESB náðist samkomulag um tilhögun mála varðandi Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins. Tillaga um að komið verði á fót slíkri stofnun hefur verið til umfjöllunar í stofnunum ESB undanfarið ár, en nú liggur sem sagt fyrir pólitískt samkomulag um stofnunina. Það felur í sér að starfsemi hennar mun hefjast á næsta ári og verður meginviðfangsefni hennar ráðgefandi hlutverk í jafnréttismálum gagnvart stofnunum ESB og einstökum ríkjum bandalagsins. Óákveðið er hvar stofnunin verður staðsett, en nokkur ríki hafa óskað eftir að hýsa hana. Alls mun 52,5 milljónum evra verða varið til verkefnisins á tímabilinu 2007 til 2013.

Vegvísir í jafnréttismálum

Þann fyrsta mars síðastliðinn sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér svokallaðan vegvísi í jafnréttismálum (Roadmap to equality between women and men). Með honum eru sett fram 6 áherslusvið sem Evrópusambandið telur rétt að unnið sé sameiginlega í jafnréttismálum á tímabilinu frá 2006 til 2010. Markmiðið er að auka jafnrétti meðal kvenna og karla og jafna fjölskylduábyrð, en áherslursviðin eru:

1. Jafnræði hvað varðar fjárhagslegt sjálfstæði kvenna og karla
2. Samþætting einka- og fjölskyldulífs annars vegar og þátttöku á vinnumarkaði hins vegar
3. Jöfn þátttaka og aðkoma að ákvarðanatöku
4. Afnáam hverskonar kynbundins ofbeldis
5. Afnáam hefðbundinna kynjaímynda
6. Jafnari þátttaka kvenna og karla í utanríkis- og þróunarmálum

Fyrir hvert áherslusvið eru skilgreind forgangsverkefni og aðgerðir. Af stefnumótun þessari má ljóst vera að jafnréttismál hafa verið sett í forgang hjá Evrópusambandinu og vilji er til þess að draga karla enn frekar til ábyrgðar.

http://europa.eu.int/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=193963

Tilskipun um jafnræði kynja í þjónustuviðskiptum

Enn er til umræðu meðal EES/EFTA ríkjanna tilskipun ESB um jafna stöðu kynjanna þegar kemur að viðskiptum með vöru og þjónustu, sbr. tilskipun nr. 2004/113/EC. Annars vegar felur tilskipunin í sér almenn ákvæði sem banna hverskonar mismunun byggða á kynferði, meðal annars bann við mismunandi kjörum sem rekja má til fjölskylduábyrgðar eða barnsfæðinga. Hvorki bein né óbein mismun er þannig leyfileg varðandi viðskipti með vöru og þjónustu. Hins vegar felur tilskipunin í sér sérstök ákvæði er snúa að viðskiptum með tryggingar og fjármálaþjónustu. Segir að ríkin skuli fyrir 21. desember 2007 tryggja að samningar sem gerðir eru um slík viðskipti og styðjast að einhverju leyti við kynbundnar breytur við útreikning iðgjalda og endurgreiðslna, feli ekki jafnframt í sér kynbundin mismun varðandi álagningu iðgjalda og útreikning bóta á einstaklingsgrundvelli.

VINNUMÁL

Árið í ár er tileinkað frjálsri för launþega

Eins og kunnugt er ákvað framkvæmdastjórn ESB að helga árið 2006 umræðunni um frjálsa för launþega. Tilgangurinn er að vekja athygli og umræður um gildi þess að geta sótt sér vinnu hindrunarlaust til annarra landa. Um 6 milljónum evra verður ráðstafað í þágu ársins, þar af munu 4,3 milljónum varið til einstakra verkefna. EES/EFTA ríkjum gefst kostur á þátttöku á sama grundvelli og ESB ríkjum þó ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun af háfla sameiginlegu nefndarinnar um greiðslu kostnaðar.

Þess má geta að Ísland var eitt fjögurra landa EES svæðisins sem tók ákvörðun um það fyrsta máí síðastliðinn að opna fyrir för launþega hinna nýju ríkja ESB sem gerðust aðilar árið 2004.

http://194.185.30.69/eywmp/website/index_en.htm

Leiðbeinandi reglur um útsenda starfsmenn

Framkvæmdastjórn ESB hefur sent frá sér leiðbeiningar fyrir stjórnslu aðildarríkja ESB, fyrirtækja og launþega varðandi reglur sem gilda í þeim tilvikum þegar starfsmaður fyrirtækis er sendur til annars ESB ríkis til að vinna að tímabundnum verkefnum. Slíkar leiðbeiningar um útsenda starfsmenn varða þar með einnig EES ríkin þar sem tilskipun þar að lútandi er hluti af EES samningnum.

Framkvæmdastjórnin hefur í samstarfi við aðildarríkin greind helstu vandamál er tengjast framkvæmd gildandi reglna um útsenda starfsmenn. Þess er nú vænst að hinar leiðbeinandi reglur verði til að eyða óvissu um rétt og skyldur er gilda á þessu sviði. Leiðbeiningarnar leggja línur einkum varðandi fjögur atriði:

- Engin skylda er til staðar fyrir þann aðila sem veitir þjónustu til að hafa varanlega aðstöðu í því ríki þar sem þjónusta er veitt
- Engin heimild er til að skilyrða að fyrirfram sé veitt samþykki fyrir því að útsendir starfsmenn stundi sína vinnu, en fyrirtæki sem veita þjónustu yfir landamæri kunna hins vegar að þurfa hvað leyfi varðar að sæta reglum gistiríkis er varða vottun eða löggildingu viðkomandi starfsemi
- Heimild fyrir gistiríki að afla staðfestingar á því fyrirfram að réttur og skyldur gagnvart útsendum starfsmanni séu virtar með hliðsjón af vinnurétti viðkomandi gistiríkis
- Nauðsyn þess að þjónustuaðilar passi upp á að á vinnustað séu skráð öll atriði er varða viðkomandi útsendan starfsmann, svo sem er varða vinnutíma og öryggismál

http://ec.europa.eu/employment_social/emplweb/news/news_en.cfm?id=149

Grænbók í undirbúningi um vinnulöggjöf

Í undirbúningi af hálfu framkvæmdastjórnarinnar er grænbók um þróun og framvindu vinnulöggjafar á Evrópska efnahagssvæðinu. Í grænbókinni verður farið yfir styrkleika og veikleika þeirrar ESB löggjafar sem í gildi er á sviði vinnuréttar og væntanlega koma einnig fram fyrstu hugmyndir um hvernig löggjöfin gæti tekið frekari breytingum. Meginboðskapur grænbókarinnar verður „Flexicurity“, sem er sú hugmyndafræði að samtvinna í löggjöf á þessu sviði sveigjanleika (flexibility) fyrir vinnumarkað um leið og skapað er félaglegt öryggi (security). Einnig verður áhersla á betri og einfaldari löggjöf á þessu sviði. Nýjustu upplýsingar herma að von sé á grænbókinni í október 2006.

Á EES-vefsvæði félagsmálaráðuneytisins er hægt að lesa nánar um hugtakið „Flexicurity“.

HEILBRIGÐISMÁL OG ALMANNATRYGGINGAR

Hér er gerð grein fyrir helstu málum sem eru ofarlega á baugi á sviði heilbrigðis- og almannatrygginga í EES samstarfinu. Ekki er farið ítarlega yfir hvert mál heldur dregið á helstu atriðum þeirra. Ítarlegri upplýsingar eru um þessi viðfangsefni og ýmis önnur á EES-vefsetri heilbrigðisráðuneytisins.

HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðisáætlun ESB

Niðurstaða hefur fengist varðandi fyrirkomulag og fjármögnun heilbrigðisáætlunar ESB. Eins og áður hefur komið fram kvað upphafleg tillaga framkvæmdastjórnar á um að heilbrigðisáætlun og neytendaáætlun Evrópusambandsins yrðu felldar saman í eina áætlun. Nokkur umræða fór fram um ágæti þess innan stofnana ESB og er niðurstaðan nú sú að áætlanirnar verða tvær eins og verið hefur. Alls munu 365,6 milljónir evra renna til heilbrigðisáætlunarinnar á þeim sjö árum sem hún verður í gildi, þ.e. á árinum 2007 til 2013, en það er töluvert lægri fjárhæð en upphaflega var lagt til (156,8 m€ munu fara í neytendaáætlunina).

Meginmarkmið heilbrigðisáætlunar ESB 2007 til 2013 eru:

- Aukið heilbrigðisöryggi almennings
- Stuðla að auknu almannaheilbrigði og lífsgæðum
- Aukin þekking um gildi heilbrigðismála

http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=192715

Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu

Eins og kynnt var í síðustu skýrslu hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins unnið að því að meta þróun á sviði heilbrigðisþjónustu einkum að því er varðar frelsi sjúklinga til þess að sækja heilbrigðisþjónustu til annarra landa. Um þessi áform er fjallað í stefnumarkandi áætlun ESB frá 2004 (COM 2004-301: *Follow-up to the high level reflection process on patient mobility and healthcare developments in the European Union*). Á vettvangi embættismannanefndar ESB, *High level group on health service and medical care*, eru þessi mál til umræðu og þar hafa verið samþykktar leiðbeindandi reglur um viðskipti milli ríkja með heilbrigðisþjónustu.

Ísland hefur ásamt Noregi áheyrnaraðild að störfum embættismannanefndarinnar og gefur það mikilvægt tækifæri til að fylgjast náið með framvindu umræðu á þessu sviði meðal ríkja Evrópusambandsins, og ekki síst að fylgjast með mótun reglusetningar á þessu sviði.

http://www.eu.int/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=190510

http://ec.europa.eu/health/ph_overview/co_operation/mobility/high_level_hsmc_en.htm

Tillaga að þjónustutilskipun ESB

Nú liggur fyrir sátt um breytingar á tillögu framkvæmdastjórnar ESB að þjónustutilskipun. Mikil umræða hefur farið fram um málið meðal aðildarríkja bandalagsins og var afar umdeilt að þjónusta í almannapágu, þ.e. heilbrigðisþjónusta, og löggjöf á sviði vinnumála voru hluti af upphaflegu tillögunni. Þá þótti hún ganga of langt hvað varðar beitingu reglu um upprunaland (*country of origin*) og var bent á hættu á félagslegum undirboðum.

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar nú byggir á þeim grunni sem Evrópuþingið hafði samþykkt og í kjölfarið viðbrögðum ráðherraráðs ESB. Vænst er þess að hin nýja tillaga muni koma hreyfingu á þessi mál, en tilgangur tilskipunar sem þessarar er að skapa skilyrði fyrir aukin viðskipti með þjónustu sem um leið fæli í sér fleiri störf og vöxt í ríkjum ESB. Hún á þannig að einfalda reglur og fyrirkomulag frá einu landi til annars þegar kemur að viðskiptum með þjónustu sem veitt er yfir landamæri. Umdeild atriði eins og varðandi heilbrigðisþjónustu og ákvæði um vinnulöggjöf eru tekin út og reglum um upprunalandsákvæði er breytt verulega.

http://europa.eu.int/comm/internal_market/services/services-dir/proposal_en.htm#20060328_1

http://www.europarl.eu.int/news/expert/infopress_page/056-6969-094-04-14-909-20060330IPR06875-04-04-2006-2006-false/default_en.htm

Sameiginleg viðmið um heilbrigðisþjónstu

Á fundi heilbrigðisráðherra ESB dagana 1. til 2. júní síðastliðinn var samþykkt yfirlýsing um sameiginleg viðmið og gildi varðandi heilbrigðisþjónustu ríkja sambandsins. Yfirlýsingin kemur í kjölfar þess að tillaga framkvæmdastjórnar ESB um þjónustutilskipun felur ekki lengur í sér ákvæði um heilbrigðisþjónustu. Yfirlýsingunni er ætlað að staðfesta vilja ríkjanna til áframhaldandi samstarfs á sviði heilbrigðismála, tryggja flæði þjónustu milli landa og varðveita gæði hennar og um leið öryggi sjúklinga.

Yfirlýsingin felur þó einnig í sér skilaboð um það að ekki standi til að samræma heilbrigðisþjónustu ríkjanna, sjálfsákvörðunarréttur er virtur og viðurkennt að ríkin hafi byggt upp mismunandi skipulag og þjónustustig.

Á fundi ráðherranna var einnig fjallað um önnur viðfangsefni á sviði heilbrigðismála. Ályktað var um mikilvægi þess að ríki ESB haldi áfram baráttu fyrir heilbrigðum lífsstíl og að vinna jafnframt gegn útbreiðslu sykursýkis 2, hvert um sig og í samvinnu á Evrópuvettvangi.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_Data/docs/pressdata/en/lsa/89848.pdf

LYFJAMÁL

Ný lyfjalöggjöf

Unnið hefur verið að því frá árinu 2000 að endurskoða lyfjareglur ESB. Ný tilskipun var sett árið 2001 sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekar framþróun lyfjamála á innri markaði ESB (sjá tilskipanir 2004/27/ESB og 2004/28/ESB). Breytingarnar hafa gengið undir nafninu Lyfjapakinn. Unnið hefur verið að því að meta upptöku tilskipananna í EES samninginn á vettvangi EFTA skrifstofunnar.

Tilskipun um vefi og frumur

Umræða hefur farið fram um það meðal EFTA ríkjanna að hve miklu leyti tilskipun nr. 2004/23 um vefi og stofnfrumur kann að vera EES tæk. Tilskipunin setur ákveðnar reglur um gæði og öryggi fyrir notkun, öflun, vinnslu, tilraunir, geymslu og dreifingu á vefjum og frumum í lækningaskyni. Tilskipunin var sett af hálfu Evrópusambandsins 31. mars 2004. Málið hefur verið skoðað vandlega og hafa íslensk stjórnvöld komist að þeirri niðurstöðu að tilskipunin sé EES tæk og ekki þurfi sérstaka aðlögun hvað Ísland varðar.

Skýrsla um framkvæmd blóðtilskipunar

Nú liggur fyrir fyrsta skýrsla frá framkvæmdastjórn ESB um framkvæmd blóðtilskipunar frá nr. 98 frá 2002, sbr. einnig tilskipun nr. 33 frá 2004. Tilskipanir þessarar hafa nýlega verið innleiddar á Íslandi með setningu reglugerðar og því má búast við að sambærilegri skýrslugjöf þegar reynsla er komin á framkvæmd hennar.

Samkvæmt blóðtilskipuninni er sú skylda lögð á herðar framkvæmdastjórn ESB að taka saman á þriggja ára fresti reynslu aðildarríkja ESB við framkvæmd hennar og „*reports on the activities that they have carried out in relation to the implementation of its provisions*“. Þessi fyrsta skýrsla gefur yfirlit yfir stöðu mála í þeim fimmtán Evrópuríkjum sem voru aðilar að Evrópusambandinu þegar tilskipunin var lögfest.

http://ec.europa.eu/health/ph_threats/human_substance/documents/blood_com_0313_en.pdf

Samstaða um reglur varðandi lyf ætluð börnum

Samstaða hefur náðst um hvernig standa beri að afgreiðslu tillögu framkvæmdastjórnar ESB um reglugerð um lyf fyrir börn. Framkvæmdastjórn ESB lagði tillögu þessa efnis fram í september 2004 og hefur málið verið til umfjöllunar í stofnunum bandalagsins. Eins og staðan er í dag hafa meira en 50% þeirra lyfja sem ætluð eru fyrir börn ekki verið prófuð eða öðlast markaðsleyfi. Læknar hafa því þrengri kost þegar kemur að því að velja lyf til lækninga fyrir börn. Þetta á að breytast með hinn nýju reglugerð, segir framkvæmdastjórn ESB:

The regulation on children's medicines agreed upon today which will improve the health of Europe's children by increasing the availability of fully researched, developed and authorised medicines specifically for use in children.

Því má búast við útgáfu reglugerðarinnar fljótlega og væntanlega varðar hún einnig EES/EFTA ríkin.

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/06/715&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Nýr samráðsvettvangur – Pharmaceutical forum

Í tengslum við rammaáætlun ESB um eflingu evrópskra framleiðslugreina og iðnaðar hefur verið komið á fót samráðsvettvangi lyfjamálaráðherra evrópusambandsríkja, lyfjaframleiðenda, og hagsmunaðila, kallað *Pharmaceutical forum*. Verkefni þessa nýja vettvangs er:

Addressing the fragmentation of the European pharmaceutical market, work will focus on R&D issues and regulatory matters at Member state level, such as the crucial issues related to pricing and relative effectiveness.

Unnið hefur verið að því að tryggja þátttöku EES/EFTA ríkja að þessum samráðsvettvangi og þeim þremur vinnuhópum sem á vegum hans starfa. Næsti fundur *Pharmaceutical forum* verður seinnihluta september.

ALMANNATRYGGINGAR

Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar

Unnið hefur verið að því að meta nýja reglugerð um almannatryggingar og réttindi þar að lútandi við för á milli landa á EES svæðinu (*Coordination of Social Security Systems (Regulation (EC) No 883/2004)*). Reglugerðin er viðamikil, en megintilgangur hennar er að endurgera reglugerð nr. 1408/71 um þessi mál, sem hefur tekið ótal breytingum síðan hún var lögfest árið 1971. Með hinni nýju reglugerð er sköpuð betri yfirsýn yfir réttindi og skyldur í þessum efnunum.

Rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja

Enn er til umfjöllunar í undirnefnd III reglugerð 859/2003/EB um rýmkun á reglugerð um almannatryggingar 1408/71/EB til borgara þriðju ríkja. Breytingin fæli í sér að borgarar þriðju ríkja nytu sömu réttinda til heilbrigðisþjónustu og almannatryggingaverndar og aðrir ríkisborgarar innan ESB-ríkja við flutning á milli aðildarríkja ESB og geti jafnframt flutt uppsöfnuð réttindi sín á milli ríkja. Lagagrunnur reglugerðarinnar er ákvæði 4. tölul. 63. gr. í IV. kafla stofnsáttmála EB en ákvæðið kom inn með Amsterdamsamningnum og ber yfirskriftina vegabréfsáritun, hæli, innflytjendur og aðrar stefnur tengdar frjálsri för fólks.

Í EES-samningnum er ekki að finna samsvarandi ákvæði. Lögfræðingar EFTA skrifstofunnar hafa komist að þeirri niðurstöðu að gerðin falli ekki undir gildissvið EES-samningsins en EFTA ríkin hafa ekki komist að niðurstöðu um hvort gerðin falli undir gildissvið EES-samningsins.

FJÁRMÁL

HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR

1. Tilkynningar um vöruflutninga til og frá ESB, 24-tíma reglan

Framkvæmdastjórn ESB sendi þann 24. júlí 2003 frá sér samskiptaskjal með tillögum um breytingar á tollalöggjöf ESB sem lutu að auknu eftirliti með flutningi á vörum til og frá aðildarríkjum sambandsins. Megintilgangurinn var að leggja grunn að betri áhættugreiningu við eftirlit með vöruflutningum, m.a. með vísan til hryðjuverkaógnar í kjölfar atburðanna 11. september 2001. Megininntak breytinganna var að skylt yrði að tilkynna um allar vörusendingar til og frá tollabandalagi ESB með 24 klst. fyrirvara. Gert var ráð fyrir nokkrum undantekningum varðandi: a) vörur sem ferðamenn flytja með sér, b) smásendingar, c) land- og sjóflutninga þar sem flutningstími er minni en 24 klst. og d) hraðsendingar á vegum viðurkenndra fyrirtækja. Ef ekki væri tilkynnt um vöruflutning með tilskildum fyrirvara var gert ráð fyrir því að flutningur yrði eftir sem áður heimill en tafir gætu orðið á tollafgreiðslu.

Síðasta vor samþykktu Ráðherraráðið og Evrópuþingið rammalöggjöf um nýjar öryggiskröfur í tengslum við vöruflutninga til og frá ESB, sbr. reglugerð EC nr. 648/2005, sem breytti tollalöggjöf ESB nr. 2913/992 (*the Community Customs Code*). Sérstakir frestir til tilkynninga eru ekki tilgreindir í rammalöggjöfinni en gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin setji nánari reglur um útfærslu á meginreglum sem settar eru með reglugerð nr. 648/2005. Vinna við útfærslu stendur yfir og liggja fyrir drög að reglum sem kveða nánar á um kröfur til tilkynninga, þar á meðal fresti farmflytjenda til þess að tilkynna um farm og innihald hans. Stefnt er að því að reglurnar komi til framkvæmda 1. janúar 2007.

EFTA-ríkin hafa fylgst náið með þróun mála. Tollanefnd EFTA hélt fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar (*DG trade*) í nóvember 2003 og mars 2004 þar sem fram kom ríkur vilji til samstarfs um útfærslu öryggiskrafnanna gagnvart EES/EFTA ríkjunum með það að markmiði að kröfurnar yrðu ekki óþarflega íþyngjandi. Jafnframt fundaði tollanefnd EFTA með fulltrúum DG TAXUD á síðasta ári. Að auki hafa fulltrúar framkvæmdarstjórnarinnar þekkt boð undirnefndar I um fundi á þessu ári. EES/EFTA ríkin og framkvæmdastjórnin eru að kanna kosti þess að útfæra reglurnar með tvíhliða samningum milli ESB annars vegar og hvers EES/EFTA ríkis hins vegar. Með því

verður einfaldast að taka tillit til ólíkra aðstæðna ríkjanna. Þó nokkur undirbúningur er fyrir séður áður en samkomulag um útfærslu fyrir EES/EFTA ríkin liggur fyrir.

Fjármálaráðuneytið og samgönguráðuneytið hafa haft samráð um túlkun reglnanna og samræmt viðbrögð við einstökum ákvæðum. Einnig hafa ráðuneytin kynnt efni reglnanna fyrir farmflytjendum á tveimur kynningarfundum.

2. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og endurskoðunarstaðlar

Þann 19. júlí 2002 var samþykkt reglugerð ESB um alþjóðlega reikningsskilastaðla nr. 1606/2002, þar sem mælt er fyrir um að samstæðuskil skráðra fyrirtækja innan ESB (og þar með innan EES-svæðisins) skuli vera í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (*International Accounting Standards*) frá og með 1. janúar 2005. Þann 14. mars 2003 ákvað sameiginlega EES nefndin að fella reglugerð ESB í viðauka EES samningsins.

Á síðasta ári voru samþykkt lög um breyting á lögum um ársreikninga nr. 45/2005 þar sem reglugerð nr. 1606/2002, um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla og tilskipun nr. 51/2003 var tekin upp í íslenskan rétt. Með þessu er lokið endurskoðun á 4. og 7. félagatilskipuninum sem íslensku ársreikningslögum byggja á. Lokið er þýðingu á reglugerðum 707/2004 og 1725/2003 ásamt fylgiskjölum og verða þær birtar innan tíðar. Þar er kveðið á um hvaða staðla eigi að innleiða. Innleiðing gerðanna hefur töluverð áhrif í för með sér fyrir fyrirtæki á Íslandi. Öllum skráðum félögum verður gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og öðrum félögum verður það heimilt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Félög sem ekki hafa skyldu eða nýta sér heimild til að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þurfa að taka mið af ársreikningslögum sem töluverðar breytingar hafa verið gerðar á frá setningu þeirra árið 1994.

Hafinn er undirbúningur á innleiðingu alþjóðlegra endurskoðunarstaðla sem svipar til reikningsskilastaðlanna. Evrópuþingið og Ráðherraráðið samþykktu vorið 2006 8. félagatilskipunina um skyldu til að innleiða alþjóðlega endurskoðunarstaðla á EES svæðinu. Útfærsla reglnanna er enn á undirbúningsstigi og munu íslensk stjórnvöld taka þátt í undirbúningnum með svipuðum hætti og áður. Sóttir verða fundir í vinnuhópum á vegum framkvæmdastjórnar ESB og EFTA, en jafnframt hefur verið skipuð nefnd endurskoðenda á Íslandi til að útfæra staðlana og leggja til hvernig þeir verða teknir upp í íslenskri löggjöf.

3. Heildarlöggjöf um opinber innkaup

Heildarlöggjöf um opinber innkaup (*Reform Package on Public Procurement*) var samþykkt af Evrópuþinginu og Ráðherraráðinu þann 31. mars. 2004. Löggjöfin samanstendur af tveimur tilskipunum. Annars vegar tilskipun 2004/18/EC, um samræmdar aðferðir við gerð samninga um opinberar framkvæmdir og opinber innkaup á vörum og þjónustu. Hins vegar tilskipun 2004/17/EC, um samræmdar aðferðir við innkaup stofnana og fyrirtækja sem starfa á sviði vatns-, orku-, samgöngu- og pósthjónustu.

Með nýrri löggjöf er leitast við að breyta innkaupaaðferðum með því að hverfa frá ströngum reglum um skyldur og takmarkanir opinberra kaupenda í sveigjanlegra form þar sem vísað er til alþjóðlegra eða evrópskra staðla og leiðbeinandi innkaupaaðferða t.d. með hliðsjón af umhverfisvænum innkaupum. Rafrænar innkaupaaðferðir leika stórt hlutverk í nýrri löggjöf og gert er ráð fyrir að slíkar aðferðir jafngildi hefðbundnum innkaupaaðferðum. Hvað varðar aðra nýbreytni má nefna skilvirkt rafrænt innkaupakerfi, rafræn uppboð, miðlægar innkaupastofnanir og vægi félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða við innkaup.

Gert var ráð fyrir að lög, reglugerðir og aðrar ráðstafanir í tengslum við tilskipanirnar tækju gildi fyrir 31. janúar 2006. Sameiginlega EES nefndin samþykkti að taka gerðirnar inn í EES samninginn í júní 2006. Íslensk stjórnvöld hafa sex mánuði frá þeim tíma til að innleiða tilskipanirnar í íslenska löggjög og er stefnt að því að leggja fram frumvarp um opinber innkaup á Alþingi haustið 2006.

4. Reglur um starfstengdan lífeyri

Tilskipun ESB um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri (*Institutions for occupational retirement provision's - IORP's*) nr. 2003/41/EC var samþykkt af Ráðherraráðinu og Evrópuþinginu þann 3. júní 2003. IORP er hugtak yfir aðila sem hafa heimild til að reka starfsemi sem felst í að taka við iðgjöldum til öflunar lífeyris, ávaxta þau og greiða út lífeyri til réttihafa.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að hagkvæmum fjárfestingum, tryggri ávöxtun, tryggja réttindi sjóðfélaga og annarra réttihafa, gera stofnunum fyrir starfstengdan lífeyri fært á að bjóða þjónustu yfir landamæri innan ESB, stuðla að faglegrri stjórnun, tryggja samkeppni, koma á gagnkvæmri viðurkenningu eftirlitsaðila innan ESB, skapa forsendur fyrir öflugri innri markaði fyrir lífeyrissparnað og gera stofnunum þannig betur kleift að nýta kosti innri markaðar ESB og Evrunnar.

Tilskipunin gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri. Íslensku lífeyrissjóðirnir myndu því flestir falla undir tilskipunina ef ekki væri sérstökum undanþágum fyrir að fara. Sú mikilvægasta sem lýtur að lífeyrissjóðunum er að lífeyrissjóðir sem falla undir reglugerð EB/1408/71 og reglugerð EB/574/72, eru undanþegnin tilskipuninni sem og svokallaðir gegnumstreymissjóðir (*pay as you go*) sem ekki safna sjóðum. Samkvæmt þessu falla þær deildir sjóða sem taka við lögbundnum lífeyrисиðgjöldum, ekki undir tilskipunina. Taki viðkomandi lífeyrissjóðir hins vegar jafnframt við iðgjöldum sem ekki eru skyldubundin, skulu þau vistuð í sérstökum deildum og skal eignum sem standa eiga undir þeim réttindum haldið algerlega aðskildum frá eignum sem tilheyra skyldubundnu deildunum.

Lítið hefur verið svo á að undir skyldubundin framlög falli lögbundið 10% framlag, auk skyldubundinna framlaga á grundvelli kjarasamninga og/eða sérlaga. Skyldubundin framlög, umfram 10% ,falla utan tilskipunarinnar en framlög þar umfram kunna hinsvegar að falla innan tilskipunarinnar. Viðbótarlífeyrissparnaður fellur ekki undir tilskipunina þar sem hann fellur undir svokallaða þriðju stoð og er byggður á ákvörðun hvers einstaklings.

Það er því mat íslenskra stjórnvalda að efni umræddrar tilskipunar hafi takmörkuð áhrif á Íslandi. Engu að síður er þeim skylt að innleiða hana og setja reglur sem aðilar geta starfað eftir, fari svo að slíkar stofnanir verði settar á fót hér á landi. Þetta kallar á breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Á vegum fjármálaráðuneytisins vinnur starfshópur að innleiðingu tilskipunarinnar og er ráðgert að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi á haustþingi 2006.

Í FRAMHALDI AF DÓMSMÁLI HJÁ EFTA-DÓMSTÓLNUM

Flugvallaskattar

Þann 12. desember 2003 kvað EFTA-dómstóllinn upp dóm í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) höfðaði gegn íslenska ríkinu vegna álagningar flugvallaskatts. Komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að tilhögun álagningar flugvallaskatts hér á landi fæli í sér brot á EES-samningnum. Tók dómstóllinn þar undir sjónarmið ESA sem taldi að misræmi á flugvallaskatti á millilandaflug annars vegar og innanlandsflug hins vegar valdi hömlum á frelsi til þjónustu. Þess má geta að þegar dómurinn var kveðinn upp nam flugvallaskattur á millilandaflug 1.250 kr. en 165 kr. á innanlandsflug. Væri þjónustuveitendum í flugrekstri með því gert erfiðara að veita þjónustu sem næði til EES svæðisins alls, heldur en að veita þjónustu innanlands eingöngu. Var Íslandi því gert skylt að lagfæra þetta kerfi flugvallaskatta, þannig að það bryti ekki í bága við ákvæði EES samningsins.

Með lögum nr. 95/2004 voru gerðar breytingar á lögum nr. 31/1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála. Fólu þær í sér að skattur á millilandaflug og innanlandsflug var samræmdur og nemur nú 382 kr. fyrir hvern farþega. Til að fjármagna viðbótarkostnað vegna reksturs og viðhalds alþjóðlegra varaflugvalla á Íslandi var ákveðið sérstakt varaflugvallagjald á millilandaflug sem nemur 598 kr. fyrir hvern farþega.

ESA sendi íslenskum stjórnvöldum bréf dags. 26. maí 2005 með ósk um ítarlegar upplýsingar í ljósi breytinga á flugvallaskatti og nýs varaflugvallargjalds. Íslensk stjórnvöld sendu umbeðnar upplýsingar í fyrra sumar, en ekkert hefur heyrst frá ESA síðan.

ANNAÐ

Fjarvirk gagnasamskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu (IDA)

Samkvæmt bókun 31 með EES samningnum eiga Íslendingar og ESB samstarf á fleiri sviðum en þeim sem falla beinlínis undir fjórþætta frelsið. Í 17. gr. bókunarinnar er kveðið á um fjarvirk gagnasamskipti milli stjórnsýslustofnana í bandalaginu IDA (Hvað heitir þetta bandalag á ensku?).

Þann 21. apríl 2004 samþykktu Evrópuþingið og Ráðherraráðið aukið samstarf á sviði fjarvirkra gagnasamskipta milli stjórnsýslustofnana sem lýtur að því að auðvelda nýjum aðildarríkjum inngöngu og rafræn samskipti við aðildarríki sem eru fyrir. Verkefnið heitir “*Interchange of Data Between Administration, Businesses and Citizens*” (IDABC) og er framhald á IDA-verkefninu. Samkvæmt ákvörðuninni er stefnt að því að efla og koma á fót samevrópskri rafrænni stjórnsýslu og þróun rafrænna viðskipta í víðum skilningi. Meðal markmiða er að koma á skilvirkum og öruggum rafrænum samskiptum, auka árangur á sviði upplýsingasamskipta innan viðskiptalífsins og meðal borgara, efla rafræn samskipti milli stofnana ESB og milli stofnana innan aðildarríkjanna. Auk þess að bæta aðkomu borgaranna og viðskiptalífsins að uppbyggingu á ESB og koma á neti um ofangreind áherslumál þar sem notuð er fjarskiptatækni. Jafnframt að stuðla að aukinni hagræðingu innan ESB með því að straumlínulaga aðgerðir, hraða innleiðingu, auka rafrænt öryggi, auka skilvirkni, gagnsæi og þjónustu. Verkefnið stendur til ársloka 2009. Áætlaðar fjárveitingar til þess eru rúmar 152 milljónir evra.

Til stóð að afgreiða þátttöku EFTA ríkjanna í samstarfinu af sameiginlegu EES nefndinni í fyrrahaust. Ágreiningur var hins vegar um fjármögnun verkefnisins og voru norsk stjórnvöld sérstaklega ósátt við hvað þeim var ætlað að borga. Sökum þessa tókst ekki að afgreiða málið á síðasta fundi nefndarinnar árið 2005 og stóðu EFTA ríkin þar af leiðandi utan IDABC samstarfsins í byrjun árs 2006. Þetta hafði þær afleiðingar að framkvæmdastjórn ESB hætti að greiða ýmis iðgjöld fyrir notkun á upplýsingakerfum sem íslensk stjórnvöld höfðu notið sem aðilar að samstarfinu. Eftir nokkrar umræður EFTA ríkjanna síðastliðið vor tókst að ná samkomulagi um kostnaðinn og eru þau aftur orðnir aðilar.

LANDBÚNAÐARMÁL

HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR

Tilskipanir um heilbrigði landbúnaðarafurða

Með hvítbók ESB, sem er frá 12. janúar 2003, var lagður grundvöllur að nýrri matvælastefnu með að færa löggjöf í nútímalegra form með því að gera regluverkið samræmdara og gegnsærra og með virkara eftirliti frá bónda til borðs ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda. Þann 1. janúar 2005 er þeim áfanga náð að meginuppistaða þessarar ákvörðunar er að koma til framkvæmda við innleiðingu svonefndar “heilbrigðisreglugerða” (“hygiene” pakkanum) sem fjallað er nánar um á eftir. Meginuppistöðu þessa regluverks er að finna í tilskipun 178/2002 um “almenn ákvæði og reglur í matvælalöggjöfni og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla”. Auk þeirrar tilskipunar er tilskipun 1774/2002 um “heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir frá búfé, sem ekki eru ætlaðar í matvæli” grundvöllur fyrir þessari framkvæmd ásamt tilskipun 999/2001 um “reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum (*BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier*)”. Þessar tilskipanir eiga það sammerkt

að í þeim eru sameinaðar margar fyrri ákvarðanir, sem leiða til gagnsærrí og virkari reglna og eftirlits með matvælakeðjunni frá bónda til borðs.

Riðusjúkdómar – Transmissible Spongiform Encephalopathy – (TSE)

Varnir gegn riðusjúkdómum er einn af meginþáttum í matvælaöryggi ESB, en þær fara eftir tilskipun 999/2001 um riðusjúkdóma. Til TSE heyra kúariða (BSE), riða í sauðfé og Krausfelt Jakob sjúkdómur í fólki. Kúariða var fyrst greind í Bretlandi árið 1986 og varð þar að faraldri, sem átti upptök sín í notkun á kjöt- og beinamjöli í dýrafóður. Í Bretlandi greindust 184 þúsund tilfelli til og með árinu 2004 meðan tilfelli greind á öllu ESB svæðinu (ESB-25) voru tæplega 5 þúsund yfir sama tímabil. Vegna þessarar smithættu bannaði ESB notkun á kjöt- og beinamjöli í fóðri nautgripa þegar árið 1994, sem var hert árið 2001 en þá var bönnuð notkun á dýraeggjahvítu í fóður dýra til matvælaframleiðslu, svokallað fóðurbann "feedban" þó með þeirri undantekningu að leyft var að nota fiskmjöl í fóður annarra dýrategunda en jörturdýra. Þá voru enn fremur settar takmarkanir á möguleika Bretlands til að flytja nautgripa og afurðir af þeim til annarra ESB landa. Þeim var aflétt á fyrri hluta ársins 2006 þar sem rannsóknir og eftirlit, sem er með BSE í Evrópusambandinu hafa staðfest að tíðni tilfella af kúariðu í Bretlandi er orðið svipað eða jafnvel lægra en almennt í aðildarlöndunum.

Í framhaldi af að náðst hafa tök á TSE smiti í ESB-löndunum hefur framkvæmdastjórnin unnið aðgerðaráætlun (road map) um hugsanlegar breytingar á löggjöf um TSE sem tekur til núverandi aðgerða og til aðgerða til skemmri tíma og til framtíðar. Áætlunin er unnin í nánú samráði við aðildarríkin og Evrópuþingið. Hún greinir frá næstu skrefum sem verða tekin í BSE málum þ.á.m. hvaða hluta skepnunnar ber að skoða sem sérstakt áhættuefni (SRM), endurskoðun á banni við notkun eggjahvítu efna úr dýraríkinu fyrir jörturdýr svokallað "feedban" og aldursreglur við ákvörðun um nýtingu á gripum til mannelis. Gert er ráð fyrir því að næstu árum verði unnt að slaka á þeim hörðu reglum sem hafa verið settar og eru í gildi, þó aðeins á þann hátt að öryggi matvæla verði tryggt neytendum og því aðeins gert að fram hafi farið vísindalegt mat á ákvörðunum m.a. með hliðsjón af þeim tæknilegu aðferðum sem unnt er að nota við greiningu áhættuefnis og með tilliti til hagkvæmni og til hagsbóta fyrir samkeppnishæfni framleiðenda. Áætlað er að á seinni hluta árs 2006 verði teknar ákvarðanir um magnmörk er segi almennt til um hvað hafa megi mikið fiskimjöl í fóðri alidýra eftir tegundum. Á árinu 2007 verði tekin ákvörðun um hvort leyfa eigi takmörkuð magnmörk af kjöt- og beinamjöli í fóðri alidýra eftir tegundum og seinni hluta árs 2007 eða fyrri hluta árs 2008 verði tekin ákvörðun um heimildir til að nota kjöt- og beinamjöl (eggjahvítu) frá öðrum dýrum en jörturdýrum í fóður annarra dýra en jörturdýra.

Ákveðið er að breyta reglum ESB um flokkun landa eftir líkum á því að í löndunum finnist BSE smit til samræmis við flokkunarreglur OIE en skv. þeim er löndum raðað í flokka eftir áhættu frá 1-3. Þessi breyting verði gerð um mitt næsta ár (1. júlí 2007). Ísland hefur verið í áhættuflokki 1, laust við BSE smit.

Framkvæmdastjórnin mun taka til sérstakrar umræðu á seinni hluta ársins 2006 TSE smit í geitum og sauðfé (riðusmit) og hvort gildandi aðferðir um útrýmingu á riðuhjörðum séu of víðtækar og hugsanlega í röngu hlutfalli við áhættu af að um BSE geti verið að ræða. Í

dag er unnið að útrýmingu á riðuveiki í sauðfé og í geitfénaði með í huga að tengsl geti verið þar á milli. Reglur ESB gera ráð fyrir að rækta upp sauðfjárstofna með erfðavali sem eru ónæmir fyrir riðusmiti. Þeir erfðavísar sem eru valdir finnast ekki í íslensku sauðfé sem gerir þessa leið ómögulega við íslenskar aðstæður.

Nýjar heilbrigðisreglur koma til framkvæmda – Matvælaöryggisstofnunin

Reglugerð 178/2002 um almenn ákvæði og reglur í matvælaöryggisreglugerðinni og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu er í síauknum mæli að koma til framkvæmda við að aðildarlöndin samþykkja tillögur framkvæmdastjórnarinnar um nýjar reglur og framkvæmdasvið á grundvelli reglugerðarinnar, sem fara fyrir Ráðið til staðfestingar. Til frekari útfærslu á þeim meginreglum sem eru skráðar í reglugerðinni eru reglugerð 852/2004 um hollustu matvæla, sem setur reglur um almennar hollustukröfur sem gerðar eru til framleiðenda, einkum á frumframleiðslusviði, reglugerð 853/2004 sem fjallar í meginatriðum um hvaða afurðir falla undir ákvæðin, m.a. eftir vinnslustigi og samsetningu og reglugerð 854/2004 sem fjallar um þau eftirlitskerfi og áhættumat, sem eru nauðsynleg. Reglugerð 882/2004 tekur einnig til opinbers eftirlits er skal tryggja að framleiðsla fari fram hverju sinni í samræmi við lagaákvæði um fóður og matvæli og heilbrigði dýra og dýravernd.

Þessar nýju reglur (“*hygiene package*”) eru efnislega byggðar á fimm atriðum er varða öryggi og heilbrigði matvæla. Meginhugsunin er að framleiðendur á öllum stigum matvælageirans beri grundvallarábyrgð á öryggi matvæla sem þeir framleiða, sem skal tryggt með áhættugreiningu og eftirliti, sem er í samræmi við nálgun sem ráðlögð er af Codex Alimentarius, http://www.codexalimentarius.net/web/index_en.jsp.

Regluverkið felur í sér eftirfarandi efnisatriði:

Tillaga 1 er um að leggja almennan grundvöll fyrir heilbrigði og hreinleika afurða, sem hverri starfsemi er ætlað að uppfylla, auk eftirfarandi atriða:

Nálgunin “frá bónda til borðs” tekur einnig til frumframleiðslu á afurðum dýra og jurta. Ábyrgð framleiðenda matvæla fyrir öryggi þeirra með útfærslu á samræmdum áhættugreiningum eftir HACCP (*Hazard Analyses and Critical Control Point*). Rekjanleiki á öllum matvælum og efnum til framleiðslu matvæla og opinber skylduskráning allra í matvælastarfsemi. Sveigjaleiki reglna til að mæta þörfum á afskekktum svæðum, vegna hefðbundinna framleiðsluaðferða og við útfærslu á HACCP.

Tillaga 2 felur í sér að settar verði ítarlegar reglur um meðferð dýraafurða á öllum stigum framleiðslu og markaðssetningar. Munu reglurnar einnig ná til afurða þar sem blandað er saman dýraafurðum og afurðum úr plöntum.

Tillaga 3 felur í sér að settar skuli sérstakar reglur um skipulag á opinberu eftirliti með afurðum ætluðum til manneldis en nákvæmari og ítarlegri reglur skulu settar um eftirlit með fersku kjöti, lindýrum, fiskafurðum og mjólkurafurðum. Meginmarkmiðið er að

gildandi reglur byggja á vísindalegum könnunum og áhættugreiningu, og að nýjar reglur taki hvorttveggja til fyrir mæla um ábyrgð einstakra fyrirtækja og til almenns eftirlits.

Tillaga 4 felur í sér ákvæði um heilbrigði dýra með tilliti til afurða, afsetningu afurða og innflutnings á dýraafurðum til mannelis. Markmiðið er að hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma er kunna að berast með afurðunum.

Tillaga 5 er um afnám einstakra reglugerða er varða hollustu og heilbrigði við framleiðslu og afsetningu afurða til mannelis og breytingu á reglugerðum 89/662/EEC og 91/67/EEC.

Á hvern hátt og að hvaða marki þessar reglugerðir verða teknar inn í íslenska löggjöf er ekki að fullu ákveðið.

Tilsk. 1774/2002 um aukaafurðir búfjár

Þessi tilskipun, sem fjallar um nýtingu eða losun (eyðingu) aukaafurða af dýrum, sem ekki fara til mannelis, er í auknum mæli að koma til framkvæmda. Á síðari hluta ársins 2005 voru gerðir um eftirfarandi efni samþykktar í fastanefnd um matvælakeðjuna og heilbrigði dýra (SCFCAH); um áburð og jarðvegsbætandi efni, um matvæli úr dýraríkinu ekki lengur neysluhæf, um notkun húsdýraáburðar og um lífræna gasframleiðslu og safnhauga. Ætlunin var að þessar gerði kæmu til framkvæmda í byrjun árs 2006, sem mun þó dragast vegna annríkis við þýðingar yfir á öll tungumál innan ESB.

Ákvæði tilskipunar 1774/2002 hafa bein og óbein áhrif á framleiðslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða á Íslandi. Annars vegar að því marki sem kann að verða skylt að taka þessar reglur upp í íslensk lög og hins vegar vegna óbeinna framleiðslutengdra og markaðslegra ákvæða sem skulu gilda við markaðssetningu og sölu afurða innan ESB innfluttra sem innlendra.

Unnið er að því að taka tilskipunina og reglugerðir og ákvarðanir skv. henni upp í EES samninginn. Á hvern hátt það verður gert tengist viðræðum við ESB um meðferð þeirra undanþága frá tilskipuninni sem viðauki I, 1. kafla felur í sér.

Heilbrigði dýra – ADNS

Tilkynningakerfi ESB um dýrasjúkdóma er grundvallað á tilskipun ráðsins 82/894/EEC. Í henni eru ákvæði um að löndin skulu tilkynna til framkv.stj. og hvers annars ef upp koma tilteknir sjúkdómar. Þessi þáttur í heilbrigðiskerfi landbúnaðarins innan ESB hefur haft vaxandi þýðingu með hverju ári. Þar á í hlut annarsvegar stækkun sambandsins með þátttöku landa með mun lakara heilbrigðisástand dýra en var innan sambandsins fyrir stækkunina og einnig vaxandi aðgerðir almennt við að lönd loka fyrir innflutning frá svæðum eða löndum þar sem búfjársjúkdómar koma upp sem geta valdið faraldri og/eða meiriháttar fjárhagstjóni fyrir landbúnaðinn. Einnig hefur ótti við sjúkdóma, sem kunna að berast frá dýrum í fólk farið vaxandi ekki síst vegna þeirrar reynslu og umræðu sem verið hefur á heimsgrundvelli um hættu af fuglaflensu fyrir fólk. Til að halda mörkuðum viðkomandi lands opnum fyrir búvöur, komi upp hættulegur dýrasjúkdómur er það gert

með að einangra þau svæði þar sem sjúkdómurinn kemur fram og hefja aðgerðir til útrýmingar með niðurskurði eða öðrum jafngildum aðferðum. Hluti þessa varnakerfis felst í öflugri tilkynningaskyldu innan sambandsins á dýrasjúkdómum sem er mun víðtækara en skv. reglum alþjóðastofnunarinnar um dýraheilbrigði (*World Organisation for Animal Health – OIE*). (Dec. 2000/807/EC) Hvert land setur upp tilgreind varnarsvæði, sem það tilkynnir til framkvæmdastjórnarinnar. Það fær þau viðurkennd, hefur eftirlit með tilteknum sjúkdómum innan þeirra og tilkynnir strax ef þessir sjúkdómar koma upp og hvar. Í byrjun árs 2005 bauð framkvæmdastjórnin Íslandi að gerast aðili að þessu kerfi, sem kallast *ANIMAL DISEASE NOTIFICATIONS SYSTEM* (ADNS). Ísland hefur tekið þátt í þessu kerfi á óformlegan hátt eftir að boð ESB barst um að þaka þátt í því. Til stendur að taka formlega boði ESB um þátttöku og að innleiða löggjöf ESB sem þetta eftirlitskerfi byggir á. Yfirdýralæknisembættið áður, nú Landbúnaðarstofnun, annast tilkynningar á sjúkdómum ef upp koma og tekur á móti sjúkdómstilkynningum frá ESB ríkjunum.

FUGLAFLENSA (AVIAN FLU)

Frá því í apríl 2005 hafa fjölmargar ákvarðanir af hálfu ESB verið teknar til varnar því að fuglaflensa bærst til svæðisins. Í fyrstu náðu öryggisráðstafanir sem voru teknar til banns við innflutningi á lifandi fuglum og óhreinsuðu fiðri er kom frá tilteknum svæðum þar sem sjúkdómurinn hafði komið fram. Síðar meir eftir því sem hætta á að sjúkdómurinn gæti orðið að faraldri jókst, hefur þetta bann orðið víðtækara svo og eftirlit. M.a. við að gert hefur verið að skyldu að tilkynna einkenni er kynnu að gefa tilefni til að leita eftir sýkingu í einstökum fuglahjörðum hjá bændum auk þess sem skylt hefur verið að leita eftir smiti hjá farfuglum. Þrátt fyrir undanþágu Íslands frá reglum um sjúkdómaeftirlit í landdýrum skv. viðauka I við EES samninginn hefur Íslandi verið boðin full þátttaka í fundarhöldum um þetta efni, sem hafa verið fjölmargir. Ísland hefur kynnt á fundum framkvæmdastjórnarinnar þær öryggisráðstafanir, sem íslensk stjórnvöld hafa griðið til, sem hafa reynst fullkomlega jafngildar aðgerðum ESB og jafnvel umfram það. Um staðbundin vandamál hefur verið að ræða innan ESB vegna smits alifugla sem hefur borist með farfuglum, sem þó hefur ekki orðið að faraldri vegna strangrar vöktunar skv. reglum ESB.

SJÚKDÓMASMIT FRÁ MATVÆLUM

Í tengslum við áður nefndar lagabreytingar um meðferð og heilbrigði matvæla hefur framkvæmdastjórnin í auknum mæli gefið gaum sjúkdómasmiti frá matvælum. Þar ber hæst hættu af mengun af salmonellu. Talið er að árið 2004 hafi um 192 þúsund manns veikst af salmonellu í löndum ESB, sem ollu í sumum tilvikum dauða. Í reglugerð 2160/2003/EC eru sett markmið um “*control of salmonella and other specified food-borne zoonotic agents*” sem var breytt með reglugerð 1003/2005 frá 30 júní 2005 varðandi markmið sett um eftirlit með og lækun tíðni salmonellumengunar í varphænsnum. Athuganir gerðar á grundvelli þessara reglna (*base line study*) sýna að nálægt þriðjungur (31,7%) af varphænum innan ESB er sýktur af salmonella sem er hættuleg mönnum. Ástandið er misjafnt eftir löndum, verst í Portúgal, Spáni, Tékkalandi og Póllandi (hlutfallsleg mengun í sömu röð 78%, 62%, 55% og 51%) en best í Svíþjóð,

Luxemborg og Slóvakíu, þar sem mengun var hverfandi. Á grundvelli þessarar niðurstöðu hefur framkvæmdastjórnin gert áætlun um að mengun á varphæsnabúum árið 2010 verði komin niður fyrir 2% og hefur jafnframt til athugunar að banna alla sölu á ferskum eggjum frá búum sem smit finnst á frá sama tíma. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort þetta bann nái til innfluttra eggja á sama hátt og til viðskipta með egg milli aðildarríkjanna. Þá vinnur framkvæmdastjórnin að því að fá samþykktar tillögur um athuganir á tíðni salmonella mengunar á svínabúum og kalkúnabúum. Ekki liggur fyrir ákvörðun um að rannsókn á salmonella mengun hjá kjúklingaframleiðendum, en er til umræðu.

ENDURSKOÐUN Á VIÐAUKA I VIÐ EES SAMNINGINN

Þau málefni um matvæli og breytingar á þeim, sem hafa verið raktar, eru mikilvægur hluti af EES samningnum og þarf að fella inn í samninginn. Framkvæmdastjórnin hefur sett sem skilyrði fyrir aðild EES EFTA ríkjanna að Matvælastofnuninni og yfirtöku matvælalöggjafarinnar, að sérstök staða Íslands með undanþágum frá heilbrigðisreglum verði endurskoðuð og fært fram þau rök að ekki verði hægt að greina á milli landbúnaðarafurða og sjávarafurða á sama hátt og var við eldri löggjöf. Á grundvelli þessara forsendna heimilaði ríkisstjórnin að ganga til samninga við ESB um nauðsynlegar breytingar með sem grundvallarforsendu að ekki yrði vikið frá banni við innflutningi lifandi dýra í því skyni að tryggja áframhaldandi sterka stöðu Íslands að því er varðar búfjárjúkdóma. Þá er enn fremur lögð áhersla á undanþágu frá "fóðurbanni" (fóðrun jörturdýra með fiskimjöl), ekki þurfi að fjarlægja áhættuvefi vegna hættu af kúariðu, heimilt verði að banna innflutning á kjöt-og beinamjöli og viðhafa megi strangari reglur vegna hættu á salmonella mengun en gilda á innri markaði ESB.

Yfirtaka matvælalöggjafarinnar og annarrar löggjafar sem verður innleidd mun auðvelda viðskipti með landbúnaðarafurðir (ekki lifandi dýr) milli Íslands og ESB. Ísland verður tæknilega séð hluti af innri markaði ESB og lýtur ekki skyldum um skráningar, skoðanir og eftirlit við útflutning til ESB sem "þriðju ríkjum" er skylt. Aftur á móti munu reglur ESB um aðgang "þriðju ríkjum" að markaði á Íslandi gilda, sem leiðir af sér aukna þörf á eftirliti með innflutning landbúnaðarafurða frá "þriðju ríkjum" sem áður var unnt að stöðva einhliða í öryggisskyni að mati Íslands. Auk þess mun verða nauðsynlegt að auka skráningu framleiðslu- vinnslu og dreifingareininga vegna rekjanleika og eftirlits á grundvelli hinnar nýju löggjafar. Mestrar aukningar að umfangi er að vænta vegna innleiðingar reglna um meðferð aukaafurða dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skv. tilsk. 1774/2002.

Samningaviðræður við ESB um þessi atriði eru á lokastigi.

TVÍHLIÐA SAMNINGUR UM LANDBÚNAÐARAFURIRÐ - ENDURSKOÐN

Unnið hefur verið að framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir. Samkomulag var gert milli Íslands og ESB um að hefja formlegar viðræður um endurskoðun á gagnkvæmum viðskiptakjörum með óunnar landbúnaðarafurðir á grundvelli greinarinnar, en samkvæmt ákvæðum hennar skulu viðskiptaerfiðleikar með landbúnaðarafurðir kannaðir í því augnamiði að auka

frjálsræði í viðskiptum innan ramma landbúnaðarstefnu hvers ríkis og með tilliti til WTO. Formlegir samningafundir voru haldnir auk óformlegs samráðs milli funda um öflun grundvallarupplýsinga og um fyrirkomulag endurskoðunarinnar. Fyrir liggur samkomulag um auknar viðskiptaávilnanir milli aðila á grunni þessa. Samkvæmt því falla niður tollar í viðskiptum samningslandanna með vörur sem um er getið í viðauka I, t.d. hestum, hreindýrakjöti í heilum- og hálfum skrokkum, tómtum, agúrkum og vatni. Heilbrigðisreglur koma hins eins og áður í veg fyrir innflutning á lifandi dýrum til Íslands þ.á.m. hestum. Þá er gert ráð fyrir nokkurri gagnkvæmni í viðskiptum með blóm og plöntur. Tollfrjáls lambakjötskvóti Íslands er stækkaður úr 1.350 tonnum í 1.850 tonn og ESB fær tollfrjálsan kvóta til Íslands fyrir 25 tonn af kartöflum og 15 tonn af rjúpum. Gagnkvæmir 15 tonna tollfrjálsir kvótar verða opnaðir fyrir pylsur, ESB fær tollfrjálsan 20 tonna ostakvóta til Íslands en Ísland fær tollfrjálsan 20 tonna smjörkvóta til ESB. Loks verða tollar felldir niður af nokkrum öðrum vöruflokkum eins og jólatrjám, frosnu grænmeti og ávaxtasafa.

Samkv. ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaávilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega, sem verður undirstrikað í þessu samkomulagi.

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTAMÁL

HELSTU GERÐIR SEM ERU TIL UMFJÖLLUNAR

Þar sem fjöldi gerða á verkefnasviði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis er töluverður, verður aðeins gerð grein fyrir nokkrum þeirra í eftirfarandi umfjöllun. Einkum verður gerð grein fyrir þýðingarmestu gerðunum á sviði fjármálaþjónustu og neytendamála.

VERÐBRÉFAMARKAÐUR

Verðbréfamarkaðstilskipun - MiFID

Verðbréfamarkaðstilskipun (*Directive on markets in financial instruments, MiFID*) 2004/39/EB, var samþykkt af Evrópuþinginu og ráðinu þann 21. apríl 2004. Tilskipunin fellur undir svonefnt Lamfalussy-ferli innan Evrópusambandsins og er rammatilskipun þar sem kveðið er á um meginreglur, en frekari útfærsla á sér stað í undirtilskipunum sem framkvæmdastjórnin setur. Tilskipunin nemur úr gildi og kemur í stað tilskipunar ráðsins 93/22/EBE um fjárfestingaþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta.

Tilskipunin miðar meðal annars að því að styrkja innri markað ESB á sviði fjárfestingaþjónustu. Fyrirtæki sem stunda fjárfestingaþjónustu þurfa til þess leyfi í heimaríki. Leyfi í einu aðildarríki veitir heimild til að stunda fjárfestingaþjónustu í öðrum aðildarríkjum með eða án stofnunar útibús. Yfirvöld í heimaríki sjá um eftirlit með starfsemi.

Um mitt síðasta ár var fyrirsjáanlegt að erfiðleikar væru framundan varðandi innleiðingu MiFID tilskipunarinnar. Töluverður partur af tilskipuninni byggðist á setningu frekari reglna af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem áætlað var að tækju gildi í ársbyrjun 2006. Þannig var ljóst að aðildarríki hefðu ekki svigrúm til að ljúka innleiðingu

í apríl 2006. Ennfremur komu fram ábendingar frá markaðsaðilum um að tilskipunin fæli í sér miklar breytingar sem ekki væri unnt að ljúka á réttum tíma. Af þessum sökum var samþykkt ný tilskipun (2006/31/EB) þar sem gildistöku MiFID tilskipunarinnar var frestað til 31. janúar 2007. Á tilskipunin nú að koma til framkvæmda 1. nóvember 2007.

Reglur um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Evrópuþingið og Ráðið samþykkti þann 26. október 2005 tilskipun 2005/60/EC, um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (*prevention of the use of the financial system for the purpose of money laundering and terrorist financing*).

Peningaþvætti felst í því að einstaklingur eða lögaðili taki að sér að geyma eða flytja ávinning af broti, sem refsivert er samkvæmt almennum hegningarlögum s.s. auðgunarbroti eða stórfelldu skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum og lyfjalögum. Hugtakið er einnig talið fela í sér móttöku og öflun ávinnings af slíku broti eð stuðla á annan sambærilegan hátt að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum. Í öllum tilvikum er jafnframt um að ræða starfsemi sem stuðlar að því að fela uppruna þeirra verðmæta sem um ræðir og láta svo líta út að þau stafi frá löglegri iðju.

Með vaxandi alþjóðavæðingu viðskipta og frelsi í fjármagnsflæði milli ríkja hefur peningaþvætti orðið alþjóðlegt vandamál og er talið að það sé ein af undirstöðum í alþjóðlegri glæpastarfsemi svo sem fíkniefnaverslun og hryðjuverkum. Hafa stofnanir SP og annarra ríkjasamtaka látið málið til sín taka. Ísland er aðili að svonefndu FATF-samstarfi (*financial action task force on money laundering*). Einnig er skuldbindingu um baráttu gegn peningaþvætti að finna í EES-samningnum og voru lögfestar aðgerðir gegn peningaþvætti með lögum nr. 80 frá 18. maí 1993, en lögin samsvöruðu tilskipun 91/308/EEC. Þeim lögum hefur verið breytt fjórum sinnum í samræmi við breytingar á löggjöf EES-svæðisins.

Tilskipunin var tekinn inn í EES-samninginn með ákvörðun nr. 87/2006 og var innleidd í íslenska löggjöf með lögum nr. 64/2006 sem samþykkt voru á Alþingi 2. júní sl.

NEYTENDAMÁL

Reglur um óréttmæta viðskiptahætti

Þann 11. maí 2005 samþykktu Evrópuþingið og Ráðið tilskipun 2005/29/EC, um óréttmæta viðskiptahætti (*Unfair Commercial Practices*).

Tilskipunin krefst fullrar samræmingar á þeim reglum sem undir hana falla (þ.e. tilskipun 84/450/EEC, tilskipun 97/7/EC, tilskipun 98/27/EC og 2002/65/EC og reglugerð (EC) No 2006/2004).

Reglur tilskipunarinnar banna notkun villandi- og ágengra viðskiptahátta í neytendakaupum. Við fyrstu sýn virðast reglur tilskipunarinnar nokkuð sambærilegar þeim reglum sem þegar eru í gildi á Íslandi enda eru villandi og ágengir viðskiptahættir þegar bannaðir. Engu að síður mun það krefjast mikillar vinnu að afmarka gildissvið

tilskipunarinnar nákvæmlega, en hún gildir t.d. ekki um reglur er varða smekk og siðgæði, og hafa löndin því áfram heimildir til að hafa sínar eigin reglur hvað það varðar. Sömuleiðis þarf að fara nákvæmlega ofan í þær skilgreiningar sem tilskipunin setur fram t.d. á meðalneytanda en það hugtak hefur ekki verið notað í íslenskum rétt til þessa.

Tilskipunin var tekin inn í EES samninginn með ákvörðun 96/2006. Undirbúningsvinna milli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Neytendastofu er þegar hafin og stefnt er að því að frumvarp verði lagt fram á haustþingi 2006. Innleiðingu tilskipunarinnar á að vera lokið í júní 2007.

Samvinna stjórnvalda á sviði neytendamála

Evrópuþingið og Ráðið samþykktu þann 27. október 2004 reglugerð 2006/2004, um samvinnu stofnana sem eru ábyrgar fyrir framkvæmd neytendalöggjafar í aðildaríkjunum (*cooperation between national authorities responsible for enforcement of consumer protection law*).

Reglugerðin fjallar um samvinnu stjórnvalda á sviði neytendamála og setur nákvæmar reglur um hvernig samstarfi stjórnvalda yfir landamæri skuli vera háttáð. Ísland er vel í stakk búíð til að taka reglugerðina inn í sinn rétt og mun Neytendastofa verða tengiliður Íslands við það tengslanet stjórnvalda sem reglugerðin hyggst koma á.

Meginbreytingin sem reglugerðin mun hafa á íslenskan rétt varðar heimildir eftirlitsaðila á sviði neytendamála. Fram til þessa hafa þeir aðilar ekki haft húsleitarheimild en reglugerðin mælir fyrir um að slík úrræði skuli vera til staðar. Verður því nauðsynlegt að fara nákvæmlega ofan í þau úrræði sem eftirlitsyfirvöldum standa til boða í dag og hvaða breytingar þurfi að gera á þeim til að uppfylla fyrirmæli reglugerðarinnar.

Reglugerðin var tekin inn í EES samninginn með ákvörðun nr. 92/2006 og á að vera innleidd í lok desember 2006.

GERÐIR SEM VÆNTANLEGA VERÐA TEKIN UPP Í EES SAMNINGINN Á NÆSTUNNI

Á næstunni má gera ráð fyrir nokkrum fjölda gerða á verkefnasviði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í EES samninginn.

Vinnuhópur EFTA um orkumál hefur til umfjöllunar nokkrar gerðir sem ýmist bíða þess að verða hluti af bandalagsrétti, eða bíða þess að verða teknar í landsrétt EFTA ríkjanna. Gerðirnar varða breytingar á innri markaðstilskipunum fyrir rafmagn og gas, auk reglugerðar um flutning raforku yfir landamæri. Þá hefur hópurinn til umfjöllunar tilskipanir um samframleiðslu rafmagns og hita og lífræns eldsneytis og tilskipun um aukna notkun raforku frá endurnýjanlegum orkulindum.

Vinnuhópur EFTA um fjármálaþjónustu hefur á undanförunum árum fjallað um mikinn fjölda gerða sem voru hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á sviði fjármálaþjónustu, svokallaðri Lamfalussy áætlun. Nú fer að sjá fyrir endann á aðgerðaáætluninni en nokkrar gerðir eru enn til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA.

MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Á leiðtogafundi ESB um miðjan desember 2005 náðist samkomulagi um fjárhagsáætlun sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013. Með samkomulaginu var samið um heildarupphæð og hámarksframlög landanna (862,363 M€ eða 1.045% af vergum þjóðartekjum) og aukin framlög til nýju aðildarríkjanna. Samkomulagið kvað einungis á um skiptingu fjármuna milli stærstu fjárlagaliða og að undanförunu hafa þingið, ráðherraráðið og framkvæmdastjórnin átt í samningaviðræðum um nánari útfærslu.

MENNTAMÁL

Útgjöld til rannsókna og samstarfs í menntamálum falla undir fjárlagalið 1a) – Samkeppnishæfni um vöxt og atvinnu (*Competiveness for Growth and Employment*). Þessum fjárlagalið er ætlað að mæta kostnaði vegna ýmissa aðgerða er lúta að Lissabon-markmiðum ESB. Í samkomulaginu er kveðið á um 7,5% árlega aukningu til þessa fjárlagaliðar miðað við árið 2005. Auk þess er tekið fram að í lok tímabilsins (2007-2013) skuli framlög til rannsókna verða 75% hærri en þau eru árið 2006.

Á fundi ráðherraráðs ESB, 27. júní 2006, voru teknar ákvarðanir um nýja 7 ára samstarfsáætlun í menntamálum, *Lifelong learning programme*, Símenntunaráætlun ESB. Heildarfjárveiting er ætluð 6.970 millj. evra. Markmið áætlunarinnar er að skapa aukið samræmi í aðgerðum ESB í menntamálum, auka tengingu milli skólastiga og á milli almennrar menntunar og starfsnáms. Með einni áætlun verða leikreglur samhæfðar og reynt að einfalda stjórnarsýsluna auk þess sem umfangið verður mun meira. Framkvæmdin verður í enn ríkari mæli en áður falin aðildarlöndunum sjálfum þar sem umsjón og úthlutun rúmlega 80% styrkja verður í höndum landskrifstofa áætlunarinnar. Í nýju áætluninni er slegið saman tveimur eldri áætlunum, Sókrates menntaáætluninni og Leonardo da Vinci starfsmenntaáætluninni. Þá er innanborðs þveráætlun, sem starfar á fjórum megin sviðum: Stefnumótun, tungumálanám, upplýsingatækni og útbreiðslumál og að lokum verða í símenntunaráætluninni svo kallaðar Jean Monnet aðgerðir, sem skipt verður í þrjú lykilsvið: Jean Monnet styrki, stuðningur við evrópskar stofnanir og stuðningur við evrópsk samtök og félög.

http://ec.europa.eu/financial_perspective/pdf/COM_2006_236_en.pdf

ÆSKULÝÐSMÁL

Ráðherraráðið ákvað þann 27. júní að stefna að nýrri sjö ára áætlun á sviði æskulýðsmála og er gert ráð fyrir að hún verði staðfest af Evrópuþinginu á haustdögum. Áætlunin fellur undir fjárlagalið 3b - Borgaraleg réttindi (*Citizenship*) og til hennar verði veitt 885 milljón evra á tímabilinu 2007 til 2013. Áætlunin hefur fengið heitið *Youth in Action* (íslenskt heiti ekki komið) og undir hana falla eftirtalin verkefni:

- a) *Youth for Europe*, sem á að stuðla að kynnum og “hreyfanleika” (mobility) ungs fólks í Evrópu auk þess að efla lýðræðisþátttöku þeirra.
- b) *The European Voluntary Service*, sem ætlað er að auka þátttöku ungs fólks í sjálfboðaliðsstörfum bæði innan og utan ESB-svæðisins.
- c) *Youth in the World*, styður verkefni sem eiga sér stað í nágrenni löndum ESB og sem stuðla að samstarfi fólks í æskulýðshreyfingum, vinna gegn fordómum og efla gagnkvæman skilning á menningu og aðstæðum fólks.
- d) Almenn stuðningskerfi fyrir margvísleg æskulýðsverkefni í Evrópu.
- e) Stuðningur við stefnumótandi starf á sviði æskulýðsmála í Evrópu.

http://ec.europa.eu/financial_perspective/pdf/COM_2006_228_en.pdf

MENNING OG LISTIR

Þriðja áætlunin, sem ráðherraráðið hefur samþykkt og gert er ráð fyrir að verði staðfest endanlega í haust er Menning 2007, *Culture 2007 Programme*. Miðað við verðlag ársins 2006 verða um 400 millj. evra veittar til áætlunarinnar, sem stendur t.o.m. 2013. Nýja áætlunin tekur við af Menningu 2000 – áætluninni og er stefnt að því að hún verði í senn einfaldari og skilvirkari en sú eldri. Meginmarkmið áætlunarinnar er að efla sameiginlega menningarvitund Evrópubúa og tilfinningu fyrir evrópskum þegnrétti, með því að auka samstarf milli stofnana, listafólks og annarra er starfa á sviði menningarmála. Áherslusvið áætlunarinnar verða: a) Auka samskipti og hreyfanleika (mobility) fólks er starfar við menningarmál í Evrópu, b) stuðla að færnanleika á listaverkum og listviðburðum innan ESB-svæðisins og c) efla fjölbjóðleg menningarsamskipti.

http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2004/com2004_0469en01.pdf

FJÖLMIÐLAR

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram tillögur um miðjan desember 2005 að endurskoðaðri sjónvarpstilskipun (*The Television Without Frontiers Directive*), sem Ísland ásamt öðrum EES/EFTA ríkjum á aðild að, en hún kom til framkvæmda árið 1989 (*Council Directive 89/558/EEC*). Nýju reglurnar, sem munu ganga undir heitinu “Audiovisual Media Services Directive”, ná hvort tveggja til gagnvirks sjónvarps (*non-linear services*, þ.e. sjónvarps sem býður notendum sjálfum að ákveða hvaða efni þeir skoða og hvenær) og hefðbundins sjónvarps (*linear* sjónvarps sem sent er út samkvæmt dagskrá).

Viðtækt samráð var haft við hagsmunaaðila og sérfræðinga og virðist ríkja almenn sátt um helstu efni tillagnanna. Þær verða til umfjöllunar í ráðherraráði og þingi á yfirstandandi ári en lítlar líkur eru taldar á því að það takist að ná sameiginlegri ákvörðun fyrr en á næsta ári. Ef ekki kemur neitt óvænt upp á ætti ný sjónvarpstilskipun að taka gildi 2008/2009.

http://ec.europa.eu/comm/avpolicy/reg/tvwf/modernisation/proposal_2005/index_en.htm

MEDIA 2007 ÁÆTLUNIN

Ráðherraráðið samþykkti í maí sl. fyrir sitt leyti framhald á Media-áætluninni og verður hún kölluð *Media 2007 Programme*. Nýja áætlunin tekur yfir gömlu *Media Plus* og *Media Training* og er ætlað að styrkja myndmiðlun í Evrópu (audiovisual sector). Markmið áætlunarinnar eru að gæta að og efla menningarlega fjölbreytni í Evrópu ásamt því að stuðla að varðveislu menningararfleifðar á því sviði. Þá er áætluninni ætlað að tryggja aðgengi íbúa álfunnar að evrópsku myndefni, efla fjölmennningarleg samskipti (intercultural dialogue), auka dreifingu og áhorf á evrópsku myndefni innan og utan Evrópu og að lokum að auka samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

Ákveðið hefur verið að veita 756,2 millj. evra til verkefnisins á árunum 2007 t.o.m. 2013. Áætlunin er nú til seinni yfirferðar hjá Evrópuþinginu.

http://ec.europa.eu/comm/avpolicy/media/pdf/com470_en.pdf

RANNSÓKNARSAMSTARF

LISSABONFERLIÐ

Sá hluti Lissabonsferlisins sem miðar að því að gera Evrópu samkeppnishæfasta þekkingarmiðaða hagkerfi heims á 2010 gerir ráð fyrir verulegri fjölgun starfa á sviði rannsókna og þróunar. Árið 2002 var áætlað að fjölgja þyrfti vísinda- og tæknimönnum um hálfa milljón á tímabilinu ef þetta markmið ætti að nást en þetta samsvarar um 8 störfum á hver 1000 störf í samfélaginu. Úttektir ESB hafa hins vegar leitt í ljós að ef þróunin á tímabilinu 2000-2004 er lögð til grundvallar þá muni þetta markmið ekki nást en fjölgun þessara starfa á tímabilinu var aðeins 0,4%

Fyrir á árinu birti EUROSTAT upplýsingar um fjölda vísinda- og tæknifólks í Evrópu. Þar kemur fram að ársverk á sviði vísinda og tækni er hvað mestur í Finnlandi og Íslandi af öllum Evrópulöndum en í þessum löndum vinna rúmlega 2% vinnuaflsins á þessu sviði. Í löndum Evrópusambandsins var þetta hlutfall 1.44% árið 2003.

Fimmta útgáfa European Innovation Scoreboard (EIS) var mikið í umræðunni í ársbyrjun 2006. Úttektin leiddi í ljós að Svíðþjóð, Finnland, Sviss, Þýskaland og Danmörk eru leiðandi þjóðir þegar nýsköpun í atvinnulífinu er annars vegar.

UNDIRBÚNINGUR 7. RAMMAÁÆTLUNARINNAR

Þótt liðnir séu 16 mánuðir frá því framkvæmdastjórn ESB birti fyrstu tillögur sínar um 7. rammaáætlun sambandsins (FP7) um vísindi og tækniþróun þá varð það ekki fyrir en aðildarlöndin höfðu náð samkomulagi um fjárveitingar sambandsins í desember 2005 sem

hlutirnir fóru að hreyfast. Í millitíðinni hafði framkvæmdastjórnin þó birt ýmis lykilplögg fyrir FP7 s.s. *Sérstakar áætlanir* og *Reglur um þátttöku*. Hér á eftir verður gerð örstutt grein fyrir því hver staða undirbúnings er hjá Evrópusambandinu þegar aðeins fjórir mánuðir eru til stefnu ef ljúka á málinu í tíma. Til að það gangi eftir þurfa þrjár helstu valdastofnanir Evrópusambandsins, *Framkvæmdastjórnin*, *Ráðherraráðið* og *Evrópuþingið* að ná saman um útlit og innihald áætlunarinnar.

Í apríl s.l. birti Framkvæmdastjórnin endurskoðaðar tölur um framlög til áætlunarinnar og einstakra hluta hennar á grundvelli þeirrar fjárhagsáætlunar sem samþykkt hafði verið í desember 2005 og þá fyrst gátu aðrar valdastofnanir ESB farið að ræða tillöguna af einhverri alvöru. Skýrsla Jerzy Buzek um tillögu Framkvæmdastjórnarinnar var samþykkt í Iðnaðar-, rannsókn- og orkunefnd Evrópuþingsins (ITRE) í lok maí og um miðjan júní greiddi þingið atkvæði um skýrsluna. Gerði þingið næstum 400 breytingatillögur á tillögu Framkvæmdastjórnarinnar.

Í lok júní birti Framkvæmdastjórnin endurskoðaða tillögu sína þar sem reynt var að taka tillit til breytingatillagna þingsins. Tók Framkvæmdastjórnin tillit til sumra tillagna þingsins en annarra ekki. Það var síðan þessi endurskoðaða tillaga Framkvæmdastjórnarinnar sem ráðherraráðið fjallaði um á aukafundi sínum þann 24. júlí s.l. Á fundinum náðist mikilvægt samkomulag um FP7, þ.á m. um stofnfrumurannsóknir sem lengi hafa ógnað samkomulagi aðildarlandanna þegar rammaáætlunin á í hlut.

Hver er þá staðan þegar síðasti hluti þessa undirbúnings hefst eftir sumarfrí? Hvað fjármálin snertir má segja að þessar þrjár valdastofnanir hafa náð samkomulagi sín á milli um að verja um 50,5 milljörðum evra til FP7 á tímabilinu 2007-2013 (kjarnorkuhlutinn undanskilinn). Hins vegar er dálítill meiningarmunur milli þessara stofnana þegar litið er til þess hvernig þær vilja skipta þessu fé milli einstakra áætlana.

Bæði ráðherraráðið og þingið vilja leggja meira fé í *Samstarfshluta* (Cooperation programme) áætlunarinnar en Framkvæmdastjórnin, einkum í heilsufarsrannsóknir, orkurannsóknir og félags- og hagfræðirannsóknir. Að auki vill þingið verja stærri hluta af fé sem rennur til orkurannsókna til rannsókna á endurnýjanlegri orku, orkuvarðveislu og betri orkunýtingu en Framkvæmdastjórnin. Þá vill þingið láta meira fé renna til Evrópska rannsóknaráðsins (ERC) og til þjálfunar og skiptiprógramma (PEOPLE) og bæði þingið og ráðherraráðið vilja draga úr fjárveitingum til rannsóknainnviða (research infrastructures) og til verkefnisins *Vísindi í samfélaginu*. Að lokum vill bæði þingið og ráðherraráðið halda áfram að eyrnamerkja fé til smárra og meðalstórra fyrirtækja (SMEs) og skipta upp áætluninni *Geimur og öryggismál* (Space and Security) en tillaga framkvæmdastjórnarinnar gerir ráð fyrir að þessi viðfangsefni falli undir einu og sömu áætlunina. Hópur þingmanna vill einnig bæta fiskveiðum og sjálfbærri nýtingu sjávar inn sem nýju forgangssviði.

Eins og fyrr segir hafa stofnfrumurannsóknir verið Evrópusambandinu erfiður ljár í þúfu þegar rammaáætlunin er annars vegar. Á tímabili leit út fyrir að ágreiningur um þetta mál gæti komið í veg fyrir að áætlunin yrði samþykkt á þessu ári en á ráðherrafundinum þann 24. júlí náðist samkomulag sem er líklegt til að halda. Í stuttu máli má segja að

samkomulagið gangi út á að viðhalda þeim meginreglum sem notaðar eru í 6. rammaáætluninni með viðbótarreglu frá Þjóðverjum og Ítölum sem hljóðar svo á ensku: *The European Commission will continue with the current practice and not submit to the Regulatory Committee proposals for project which include research activities that destroy human embryos, including for the procurement of stem cells.* Þessi tillaga var síðan samþykkt með viðbótarreglu sem hljómar svo: *The exclusion of funding of this step of research will not exclude Community funding for subsequent steps involving human embryonic stem cells.*

Nokkur stýrr hefur staðið um hið nýja *Rannsóknaráð Evrópu* (ERC) sem annast mun fjármögnun grunnrannsókna í nafni *IDEAS* áætlunarinnar. Í júlí á síðasta ári skipaði Framkvæmdastjórnin 22 þekktu evrópska vísindamenn í ráð til að undirbúa starfsemi Rannsóknaráðsins. Á fyrsta fundi sínum í október 2005 kaus ráðið Fotis Kafatos, framkvæmdastjóra EMBL, formann ráðsins og Helgu Nowotny og Daniel Estéve sem varaformenn. Bæði þingið og ráðherranefndin vilja að Rannsóknaráðið verði sjálfstæð og óháð stofnun en Framkvæmdastjórnin vill í fyrstu setja ráðið upp sem framkvæmdaaðila sem starfi í umboði Framkvæmdastjórnarinnar en bíða með ákvörðun um framtíðar-fyrirkomulag stofnunarinnar þar til síðar.

Hin eiginlega tillaga um 7. rammaáætlun Evrópusambandsins er fremur stutt skjal en til að hægt verði að hrinda áætluninni í framkvæmd þurfa stofnanir sambandsins að samþykkja önnur skjöl sem einnig hafa mikil áhrif á það hvernig áætlunin lítur út í endanlegri mynd. Hér er einkum átt við *Sérstakar áætlanir* (Specific Programmes), sem er nánari útfærsla á einstökum áætlunum rammaáætlunarinnar og *Reglur um þátttöku* (Rules of Participation), sem skilgreinir réttindi og skyldur þátttakenda, setur reglur um fjármál, hugverkaréttindi o.fl.

Framkvæmdastjórnin birti tillögu sína um *Reglur* í desember 2005. Tillagan gerir ráð fyrir allnokkrum breytingum frá þátttökureglum 6. rammaáætlunar og ganga margar tillögurnar út á það að einfalda framkvæmd áætlunarinnar og auka gagnsæi í vinnbrögðum. Ein umdeildasta breytingin á reglunum frá FP6 er án efa sú einföldun sem boðuð er á fjármögnunarmódelum (Cost Models) en í FP7 er ekki lengur gert ráð fyrir svonefndum *viðbótarkostnaði* (AC) en þessi valkostur hefur verið sérstaklega vinsæll meðal háskóla. *ITRE* nefnd þingins stefndi að því að afgreiða skýrslu Philippe Busquin um reglurnar í júlí 2006 en náði aðeins að greiða atkvæði um hluta tillagnanna áður en það fór í sumarfrí. Þrátt fyrir þessa seinkum binda menn vonir við að hægt sé að afgreiða reglurnar í desember.

Þótt undirbúningur 7. rammaáætlunar sé langt á veg kominn er enn margt í óvissu um endanlegt útlit áætlunarinnar. Hvernig verkefni sem gengið hafa undir nafninu *Sam-eiginlegt tæknifrumkvæði* (Joint Technology Initiatives) verða framkvæmd er erfitt að segja til um og á þessari stundu er ómögulegt að spá fyrir um hvernig verkefni sem framkvæmd verða á grundvelli *greinar 169* (Article 169) munu þróast. Þá er ljóst að útfærsla áætlunarinnar í *starfsáætlunum* (Work Programme) einstakra stjórnarnefnda mun skipta umsækjendur miklu máli. Þar er endanlega skilgreint hvers konar verkefni

áætlunin mun styrkja. Verða drög að starfsáætlunum lagðar fyrir nýjar stjórnarnefndir eins fljótt og auðið er, jafnvel strax í október.

SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL

Á samgöngusviðinu eru mörg stór mál til umfjöllunar hjá ESB um þessar mundir. Á sviði flugmála ber hæst gerð loftferðasamninga við þriðju ríki og endurskoðun þriðja pakkans í flugi. Flugverndarmál eru ávallt ofarlega á forgangslista í Evrópu og í stöðugri endurskoðun. Þá liggja fyrir tillögur um að taka reglugerðir um sameiginlegt Evrópskt loftrými (SEL) inn í EES samninginn. Á sviði siglingamála er nýji siglingapakinn í brennidepli auk þess sem grænbók um nýja stefnu í siglingamálum er til umræðu (Maritime Policy). Þá gaf framkvæmdastjórnin út tilkynningu um endurmat stefnu í samgöngumálum þar sem farið er yfir árangur undanfarinna ára og lagðar línur um næstu skref. Undir forsæti Austurríkis var lögð mikil áhersla á umferðaröryggismál og má vænta frekari tillagna á næstu mánuðum er stuðla að bættu umferðaröryggi. Loks hóf framkvæmdastjórnin endurskoðun á fjarskiptapakkanum í lok síðasta árs og lagði fram hugmyndir og tillögur sínar til úrbóta undir mitt árið.

Open Skies

Samningaviðræður hafa staðið um nokkurt skeið á milli ESB og Bandaríkjanna um gerð loftferðasamnings, svokallaðan Open Skies samning sbr. fyrri skýrslur. Samningum við Bandaríkin er lokið en skilyrði gildistöku af hálfu ESB er að bandarísk yfirvöld lýsi yfir breyttri stefnu varðandi reglur um eignarhald og stjórn bandarískra flugfélaga en það tengist fjárfestingum í félögunum. Í Bandaríkjunum er litið á loftferðasamninga sem stjórnvaldsaðgerð sem ekki þarf samþykkt þingsins sem um margt hefði einfaldað samninganna. Væntingar standa til þess að hægt verði að staðfesta samninginn í október þannig að hægt væri að leggja hann fyrir ráðherraráð í nóvember með það fyrir augum að hann gæti tekið gildi í lok maí 2007.

Hins vegar er athyglisvert að samkomulag er á milli ESB og Bandaríkjanna um að á öðru stigi samningaviðræðna (hefst væntanlega sumarið 2007) verði skoðað að opna samninginn fyrir aðild Noregs, Ísland og Sviss. Vitað er um áhuga framkvæmdastjórnarinnar á að opna aftur á öðru stigi ýmis önnur mál sem ekki var komist lengra með í fyrstu lotu. Dæmi um þetta er frekari viðurkenning verndarreglna samningsaðila og einnig réttindi til sölu og markaðssetningar á áfangastöðum innan Bandaríkjanna þegar áætlun gerir ráð fyrir millilendingu þarlendis auk frekari opnana á sviði fjárfestinga. Það að taka upp mál sem þessi í annarri lotu gæti þýtt tafir sem myndu seinka mögulegri aðild Íslands að samningnum.

Samningur um Samevrópskt flugsvæði

Samgönguráðherra skrifaði 9. júní s.l. í Luxemborg undir samning um sameiginlegt flugsvæði í Evrópu, ECAA (*European Common Aviation Area*). Ísland er aðili að

samningnum auk Evrópusambandsins, Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Búlgaríu, Króatíu, Makedóníu, Noregs, Serbíu og Svartfjallalands, Rúmeníu og UNMIK í Kosovo.

Sameiginlegt evrópskt loftrými – Single European Sky

Á tímabilinu lauk umfjöllun um fjórar reglugerðir sem mynda svokallaðan SEL pakka (SES-Single European Sky) þ.e. samevrópskt loftrými og er innleiðing þeirra til umfjöllunar í sameiginlegu nefndinni. Með sameiginlega evrópska loftrýminu, sem á ensku nefnist „Single European Sky“, er ætlunin að loftrýmið yfir Evrópu verði sem eitt loftrými þannig að sömu reglur gildi um alla Evrópu. Ávinningurinn er aukin hagkvæmni og skilvirkni og standa væntingar til að með gildistöku reglugerðanna auk annarra ráðstafana sem fylgja í kjölfarið, s.s. nýtt flugstjórnarkerfi (SESAR), verði hægt að sinna ört vaxandi umferð með jafnvel minni kostnaði en í dag. Samevrópska loftrýmið nær þó ekki til úthafsins og eru því áhrif reglugerðanna takmörkuð á Íslandi að því leyti. Vænta má að í kjölfarið komi margar reglugerðir sem útfæra framkvæmdina nánar s.s. um kröfur til flugumferðarþjónustu og er varða þróun flugstjórnarkerfis (SESAR).

Endurskoðun þriðja ríkis pakkans í flugi

Framkvæmdastjórnin hefur haft það á verkefnalista sínum um nokkurt skeið að endurskoða þriðja pakkann í flugi sem hún hefur kynnt á fundum. Upphaflegt markmið flugpakkanna þriggja var að opna markaðinn fyrir samkeppni t.d. með því að leggja niður leyfiskerfi til flugs milli áfangastaða innan Evrópu. Óhætt er að segja að góður árangur hafi náðst, samkeppni aukist sem hefur leitt til mikils vaxtar greinarinnar um leið og miklar breytingar hafa orðið á markaði í kjölfar nýju reglanna. Þetta gildir ekki síst um íslensk flugfélög sem hafa séð og oft nýtt mörg tækifæri til vaxtar í nýja umhverfinu. Engu að síður er það skoðun framkvæmdastjórnarinnar að enn sé nokkuð í land að æskileg hagræðing náist í greininni þar sem flugfélög búi við mikla umframflutningsgetu auk þess sem markaðurinn sé of skiptur. Skýringanna sé helst að leita í ósamræmi í túlkun og afgreiðslu einstakra ríkja á grunni reglugerðanna auk óhlutlægni í garð utanaðkomandi flugfélaga. Þetta kemur m.a. fram í afgreiðslu þeirra á leyfum, aðgang að samningum við þriðju ríki og leyfi fyrir rekstur flugvéla frá þriðju ríkjum. Þegar þetta er skrifað hefur framkvæmdastjórnin lagt fram reglugerðardrög sem tillögu til úrbóta í þessu máli.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum

Í tilskipun nr. 2003/87, um viðskiptakerfi (ETS) með heimildir til losunar á gróðurhúsalofttegundum er endurskoðunarákvæði sem tiltekur nokkur atriði sem framkvæmdastjórnin skuli skoða er varðar framkvæmd tilskipunarinnar þ.m.t. að meta hvort ástæða sé til að víkka gildissvið hennar þannig að hún taki til fleiri atvinnugreina og/eða lofttegunda. Í ákvæðinu segir að skila skuli skýrslunni fyrir 30. júní 2006 sem þýðir að hún er væntanleg á næstu vikum. Er og að vænta hugmynda frá Evrópuþinginu í þessu efni.

Endurskoðun stefnu í siglingamálum (Maritime Policy)

Framkvæmdastjórn ESB hefur nú um nokkurt skeið unnið að endurskoðun stefnu sinnar í siglingamálum og hélt m.a. ráðstefnu um það efni haustið 2005 sem var sótt frá Íslandi. Í framhaldi af þessari vinnu birti hún 7. júní sl. grænbók auk skýringagagna sem innihalda tillögur framkvæmdastjórnarinnar um nýja stefnu í siglingamálum. Nýja siglingamálastefnan byggir á tveimur megin stoðum. Annars vegar að styrkja vöxt og viðgang atvinnugreina í Evrópu sem byggja á siglingum í harðnandi samkeppni á alþjóðavísu. Hinsvegar að gæta að umgengni um það sem öll siglingamál byggja á, þ.e. hafinu sjálfu. Framkvæmdastjórnin miðar við að samráð við hagsmunaaðila um efni grænbókarinnar verði allt fram til 30. júní 2007 og er hægt að koma athugasemdum á framfæri fram að þeim tíma.

Vefslóð varðandi endurskoðunina:
<http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/>

Endurskoðun fjarskiptapakks

Í lok nóvember sl. árs hrinti framkvæmdastjórnin formlega úr vör endurskoðun á fjarskiptapakkanum er hún kallaði eftir athugasemdum um efni hans sem hægt var að skila fram til 20. janúar sl. Til umræðu eru 5 tilskipanir, (framework, authorization, access and interconnection, user's rights og ePrivacy directives). Eftir að hafa unnið úr umsögnum kynnti framkvæmdastjórnin þ. 29. júní sl. hugmyndir sínar að breytingum á fjarskiptapakkanum. Óskað er eftir viðbrögðum hagsmunaaðila við þessum hugmyndum fyrir 26. október n.k. Fyrirhugað er að halda opinn vinnufund 10. október þar sem hagsmunaaðilar geta komið athugasemdum á framfæri og rætt þær. Gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið og helstu breytingar verði komnar til framkvæmda árið 2010. Þ.e.a.s. verði tvö ár í meðferð ESB og eitt ár eftir það í aðildarríkjunum.

Markmið endurskoðunarinnar er að stuðla að frekari samkeppni og nýsköpun. Verðmæti fjarskipta og upplýsinga greinanna er metið vera yfir 614 milljarðar evra á ársgrundvelli og samsvarandi verðmæti tíðnirófsins er áætlað rúmlega 200 milljarðar evra. Vöxtur þessara atvinnugreina er hraðari en hagvöxtur ríkjanna. Það er mat framkvæmdastjórnarinnar að samkeppni sé drifkraftur fjárfestinga og að hægfare og léleg innleiðing reglna gæti haldið aftur af fjárfestingu í greininni. Framkvæmdastjórnin telur að núverandi regluverk hafi virkað mjög vel í öllum aðalatriðum við að laða fram samkeppni. Almenn samkeppnislöggjöf dugi ekki til og því er áfram þörf á sértækum reglum fyrir fjarskiptamarkaði sérstaklega fyrir heildsölumarkað. Minni þörf er á regluverki fyrir smásölumarkað sérstaklega ef í gildi eru reglur fyrir viðkomandi heildsölumarkað. Því er almennt miðað við að fella niður regluasetningu fyrir smásölumarkað. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar og hugmyndir taka mið af þessu.

Vefslóð varðandi endurskoðunina:
http://europa.eu.int/information_society/policy/ecommerce/tomorrow/index_en.htm

Endurskoðun samgöngustefnu Evrópusambandsins

Í nóvember á sl. ári hóf framkvæmdastjórnin endurskoðun á stefnu sinni í samgöngumálum "European transport policy for 2010 : time to decide". M.a. var haldin ráðstefna í desember sl. þar sem hagsmunaaðilum gafst kostur á að koma að athugasemdum sínum og ræða þær. Eftir að hafa farið yfir þær athugasemdir sem bárust birti framkvæmdastjórnin niðurstöður sínar 22. júní sl. með tilkynningu (Communication - "Keep Europe moving - Sustainable mobility for our continent"). Í henni koma fram áherslur og áform ESB í samgöngumálum á næstu misserum.

Vefslóð varandi hvítbókina:

http://ec.europa.eu/transport/white_paper/mid_term_revision/index_en.htm

Helstu áherslumál formennskuríkjanna 2006

Í síðustu skýrslu var fjallað um áherslur formennskuríkjanna tveggja, Austurríki og Finnland, sem gegna því fyrir árið 2006. Þau leggja m.a. áherslu framgang fjarSKIPTA- og upplýsingatækni auk öryggis í notkun upplýsingatækni.

Unnið er að endurskoðun póstillskipunarinnar og búist við tillögu að breytingum í haust. Umferðarmál eru áfram í brennidepli og má búast við frekari aðgerðum þar sem útlit er fyrir að markmið um 50% fækkun dauðaslysa náist ekki fyrir 2010. Líklegt er að kynnt verði tilskipun um eftirfylgni við umferðarlagabrot þ.á.m. að hægt verði að fylgja eftir refsingu fyrir umferðarlagabrot sem þegnar ríkja ESB fremja í öðru ESB ríki.

Samskipti ESB við önnur ríki á sviði flugsins verður eitt helsta áherslumál formennskuríkjanna á árinu á samgöngusviðinu. Áfram verður unnið að gerð loftferðasamninga og er þess vænst að hægt verði að skrifa undir loftferðasamning við Bandaríkin.

Formennskuríkin munu skoða hvaða möguleikar eru varðandi framgöngu þriðja pakkans á sviði öryggis í siglingum og sjófarenda, en þar eru m.a. tillögur er lúta að hertu eftirliti fánaríkis, frekari skyldur fánaríkis, ábyrgðartryggingar, og frekara eftirliti með skipaumferð.